


# SAMNINGALOTAN 2019-2020

Efnahagsmál

Umgjörð kjarasamninga

Kjarasamningar

Launþróun



# SAMNINGALOTAN

## 2019-2020

### Kjaratölfræðinefnd

Nefndarmenn:

**Edda Rós Karlsdóttir,**  
formaður

**Benedikt Valsson,**  
tiln. Samband Íslenskra sveitarfélaga

**Bjarnheiður Gautadóttir,**  
f.h. félags- og barnamálaráðherra

**Hannes G. Sigurðsson,**  
tiln. Samtök atvinnulífsins

**Henný Hinz,**  
tiln. Alþýðusamband Íslands

**Hrafnhildur Arnkelsson,**  
tiln. Hagstofa Íslands


**Lárus Blöndal,**  
tiln. forsætisráðuneyti

**Oddur S. Jakobsson,**  
tiln. Kennarasamband Íslands

**Pétur Jónasson,**  
tiln. fjármála- og efnahagsráðuneyti

**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir,**  
tiln. BSRB

**Vilhjálmur Hilmarsson,**  
tiln. Bandalag háskólamanna



Mynd á forsíðu sýnir prósentuhækkun grunnlauna hjá félagsmönnum í aðildarfélögum ASÍ á almennum vinnumarkaði milli mars 2019 og maí 2020 eftir upphæð mánaðarlauna í mars 2019. Á myndinni má sjá skýr áhrif umsaminna krónutöluhækkana þar sem lægri laun hækka hlutfallsega meira en þau sem hærra eru.

Heimild: Hagstofa Íslands.

# Efnisyfirlit

|  |           |
|--|-----------|
| Inngangur .....  | 4         |
| <b>1 Efnahagsmál .....</b>   | <b>6</b>  |
| 1.1 Þróun efnahagsmála frá upphafi kjaralotunnar .....                                 | 6         |
| 1.2 Verðbólguhorfur og samkeppnisstaða .....   | 8         |
| 1.3 Sögulega lágir vextir .....  | 10        |
| 1.4 Viðbrögð stjórnvalda við kórónuveirufaraldrinum .....                              | 11        |
| 1.5 Vinnumarkaður í skugga kórónuveirufaraldurs .....                                  | 15        |
| 1.6 Þrjár kreppur .....  | 17        |
| <b>2 Umgjörð kjarasamninga .....</b>   | <b>24</b> |
| <b>3 Kjarasamningar í yfirstandandi kjaralotu .....</b>                                | <b>40</b> |
| 3.1. Kjarasamningar aðildarféлага ASÍ .....  | 40        |
| 3.2. Kjarasamningar aðildarféлага BSRB .....   | 45        |
| 3.3. Kjarasamningar BHM .....  | 47        |
| 3.4. Kjarasamningar KÍ .....   | 49        |
| 3.5. Jöfnun launa milli vinnumarkaða .....   | 50        |
| <b>4 Launaþróun .....</b>  | <b>54</b> |
| 4.1. Launavísitala Hagstofunnar .....  | 54        |
| 4.2. Grunnlaunaþróun í samningalotunni fyrir tímabilið<br>mars 2019 til maí 2020 ..... | 56        |
| 4.3. Dreifingar grunnlaunahækkana milli mars 2019 og maí 2020 ...                      | 63        |
| 4.4. Regluleg laun í maí 2020 .....  | 65        |
| 4.5. Dreifing reglulegra launa í maí 2020 .....  | 66        |
| 4.6. Samsetning reglulegra heildarlauna í maí 2020 .....                               | 69        |
| 4.7. Breyting kaupmáttar frá mars 2019 til maí 2020 .....                              | 73        |
| <b>Viðaukar .....</b>  | <b>77</b> |

# Inngangur

Kjaratölfræðinefnd er samstarfsnefnd ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka á vinnumarkaði um tölfræði vegna kjarasamningsgerðar. Nefndin hóf störf í desember 2019 og eru fulltrúar í henni frá forsætisráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, BSRB, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Hagstofu Íslands. Með nefndinni er stofnað til samstarfs heildarsamtaka á vinnumarkaði, ríkis og sveitarfélaga um gerð og hagnýtingu tölfræðigagna um laun og efnahag til undirbúnings og eftirfylgni með kjarasamningum. Nefndinni er ætlað að stuðla að því að aðilar samkomulagsins hafi sameiginlegan skilning á eðli, eiginleikum og þróun þeirra hagtalna sem mestu varða við gerð kjarasamninga.

Markmið nefndarinnar er að fyrir liggja áreiðanlegar upplýsingar og sameiginlegur skilningur aðila um laun og efnahag sem nýtast við undirbúning og eftirfylgni kjarasamninga á hverjum tíma. Ríkissáttasemjari hýsir nefndina og leggur til fundar- og starfsaðstöðu. Nefndin fjallar um þau gögn sem liggja til grundvallar kjarasamningagerð á hverjum tíma og eru grundvöllur fyrir launamyndun á vinnumarkaði. Nefndin skal stuðla að bættum skilningi á eðli, eiginleikum og þróun þeirra hagtalna sem mestu varða við gerð kjarasamninga en tekur engan beinan þátt í kjarasamningum og breytir ekki lögbundnum hlutverkum eða stöðu þeirra aðila sem að nefndinni standa.

Áætlað er að Kjaratölfræðinefnd gefi út tvær skýrslur á ári, að vori og hausti. Í skýrslunum verða settar fram upplýsingar sem nefndin er sammála um að gefi skýra mynd af stöðu og þróun kjara- og efnahagsmála. Nefndin markar sér sjálf efnistöð en í skýrslunum skal lýsa þróun launa, tekna og verðlags, stöðu og horfum í efnahags- og atvinnumálum, samkeppnishæfni landsins og gera alþjóðlegan samanburð. Í fyrri skýrslu ársins skal lagt mat á stöðu og forsendur kjarasamninga en þeirri síðari á niðurstöður kjarasamninga þegar það á við eða annað efni sem tengist markmiði nefndarinnar.



Að þessu sinni fjallar skýrslan um stöðu efnahagsmála og áhrif samdráttar í efnahagslífi á vinnumarkað. Þá er lýst helsta inntaki kjarasamninga og launabreytingum samkvæmt mælingum Hagstofu Íslands í yfirstandandi samningalotu.

Í skýrslunni er í fyrsta sinn birt kortlagning á umfangi kjarasamningsgerðar hér á landi. Reynt var að afla upplýsinga um alla kjarasamninga sem gerðir hafa verið og á eftir að gera í þessari samningalotu, þar á meðal um fjölda á kjörskrá og niðurstöður atkvæðagreiðslna. Nefndin leggur til að ríkissáttasemjari beiti sér fyrir úrbótum á söfnun og úrvinnslu slíkra heildarupplýsinga.

Kjaratölfræðinefnd hefur einnig fylgst með vinnu starfshóps fjármála- og efnahagsráðuneytisins um að koma á heildartalningu launaupplýsinga frá launagreiðendum. Heildartalning nái til allra launamanna og atvinnugreina og gefi kost á nákvæmari upplýsingum sem nýtist við gerð kjarasamninga og rannsókna á vinnumarkaði. Kjaratölfræðinefnd telur þetta starf mikilvægt og hvetur ríkisstjórnina til að styðja vel við verkefnið.

Þessi fyrsta skýrsla nefndarinnar er unnin við óvenjulegar aðstæður. Efnahagslífið hefur orðið fyrir miklum áföllum vegna kórónukreppunnar. Fjöldi fyrirtækja hefur lokað eða dregið verulega úr starfsemi, atvinnuleysi hefur stóraukist og mikill efnahagssamdráttur gengur yfir í mörgum, en ekki öllum, atvinnugreinum. Á bak við meðaltalsbreytingar kjaratölfræðinnar liggja því óvenju ólíkar aðstæður fólks. Kaupmáttur tímakaups mælist þannig hár í sögulegu samhengi, á meðan kaupmáttur þeirra sem hafa misst vinnuna hefur lækkað um tugi prósentu.

Kjaratölfræðinefnd hefur unnið náið með Hagstofu Íslands og embætti ríkissáttasemjara. Starfsfólki þeirra er þakkað samstarf við undirbúning skýrslunnar og ber helst að nefna Margréti Kristínu Indriðadóttur, Björn Rúnar Guðmundsson, Evu Þengilsdóttur, Tryggva Másson og Magnús Val Pálsson. Nefndin þakkar einnig Ara Skúlasyni og Katrínu Ólafsdóttur fyrir þeirra störf við ritun skýrslunnar.

# 1 Efnahagsmál

## 1.1 Þróun efnahagsmála frá upphafi kjaralotunnar

Heimsfaraldur kórónaveirunnar sem veldur sjúkdómnum COVID-19 hrinti af stað heimskreppu sem er talin verða sú dýpsta frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar. Hér á landi áætla Hagstofa Íslands að landsframleiðsla hafi dregist saman um 9,3% að raungildi á milli ára á 2. ársfjórðungi, sem er mesti samdráttur á milli ára frá því mælingar hófust. Dregið hefur verið úr starfsemi fjölmargra fyrirtækja, þúsundir hafa misst vinnuna eða eru í skertu starfshlutfalli og eftirspurn innanlands og erlendis frá hefur dregist mikið saman. Þótt áfallið sé mest í ferðaþjónustu og tengdum greinum, nær það til flestra, en þó ekki allra, atvinnugreina.

Þrátt fyrir að samdrátturinn sé sögulegur á Íslandi, lítur út fyrir að hann sé enn meiri víða erlendis. Þannig er samdráttur á 2. ársfjórðungi áætlaður 21,7% í Bretlandi, 18,5% á Spáni og 18,9% í Frakklandi. Í Bandaríkjunum mældist samdráttur svipaður og hér á landi, eða 9,1%, en á Norðurlöndunum mældist hann minni eða 6,3% í Finnlandi, 5,3% í Noregi, 8,2% í Danmörku og 7,7% í Svíþjóð.

Staða efnahagsmála bæði hér heima og erlendis er allt önnur nú en í aðdraganda yfirstandandi kjarasamningalotu. Þá var reiknað með hægum hagvexti, meðal annars vegna samdráttar í flugsamgöngum og ferðaþjónustu, en að hann yrði engu að síður jákvæður. Í febrúar 2019 spáði Seðlabankinn tæplega 2% hagvexti árið 2019, 2,8% árið 2020 og 2,6% árið 2021.


Nýbirt spá Seðlabanka Íslands gerir ráð fyrir 7,1% samdrætti á milli árána 2019 og 2020, en 3,4% hagvexti bæði árin 2021 og 2022. Í spánni er ekki gert ráð fyrir að grípa þurfi aftur til jafnvíðtækra sóttvarnaraðgerða og gert var á 2. fjórðungi ársins og því sé mesti samdrátturinn yfirstaðinn. Gangi spáin eftir verður landsframleiðsla ársins 2021 engu að síður rúmlega 200 milljörðum króna lægri en áætlað var í upphafi árs 2019, en verður á árinu 2022 svipuð að raungildi og hún var árið 2019. Spáin gerir ráð fyrir að um 16 þúsund manns verði að jafnaði atvinnulausir á næsta ári (7,9%), sem er 9 þúsund umfram það sem spáð var í upphafi árs 2019 (3,5%). Þrátt fyrir mikla kaupmáttaraukningu reglulegra launa (sem

mæla laun á klukkustund), gera hagspár ráð fyrir lækkun á kaupmætti ráðstöfunartekna heimilanna (launatekjur, eignatekjur og bætur, að frá-dregnum sköttum) vegna minni vinnu, aukins atvinnuleysis og fækkunar starfandi fólks. Miklar vaxtalækkunir á tímabilinu auka mjög við kaupmátt skuldsettra heimila sem hafa tekið ný lán eða skuldbreytt eldri lánunum.


Á bak við meðaltalsbreytingar kjaratölfræðinnar liggja að þessu sinni óvenju ólíkar aðstæður fólks. Í sögulegu samhengi mælist breyting kaupmáttar launa mikil frá upphafi árs 2019 (sjá kafla 4). Hjá þeim einstaklingum sem hafa misst vinnuna hefur kaupmáttur hins vegar lækkað um tugi prósent. Ráðstöfunartekjur einstaklings sem var með meðaltekjur árið 2019, en hefur nú misst vinnuna og fær hámark tekjutengdra atvinnuleysisbóta, hafa því lækkað um tæp 40% á milli ára. Hjá þeim sem hafa verið lengur án atvinnu og fá eingöngu grunnbætur, er lækkun ráðstöfunartekna enn meiri, eða ríflega 55%.

Mynd 1.1 Efnahagshorfur í aðdraganda kjaralotunnar 2019 og í lok ágúst 2020.


**Landsframleiðsla**




**Skráð atvinnuleysi**



**Verðbólga, %**



**Meginvextir Seðlabankans, %**



Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands og Vinnumálastofnun

Tafla 1.1 Spár um efnahagsþróun á Íslandi 2020-2021

|                     | OECD<br>(10. júní) | AGS<br>(24. júní) | Hagstofa<br>(26. júní) | Seðlabanki<br>(26. ágúst) |
|---------------------|--------------------|-------------------|------------------------|---------------------------|
| <b>Hagvöxtur</b>    |                    |                   |                        |                           |
| 2020                | -9,9%              | -7,2%             | -8,4%                  | -7,1%                     |
| 2021                | 4,6%               | 6,0%              | 4,9%                   | 3,4%                      |
| <b>Verðbólga</b>    |                    |                   |                        |                           |
| 2020                | 1,9%               | 2,3%              | 2,4%                   | 2,6%                      |
| 2021                | 1,9%               | 2,5%              | 2,4%                   | 2,4%                      |
| <b>Atvinnuleysi</b> |                    |                   |                        |                           |
| 2020                | 7,4%               | 8,0%              | 8,2%                   | 7,2%                      |
| 2021                | 6,0%               | 7,0%              | 6,8%                   | 7,9%                      |

## 1.2 Verðbólguhorfur og samkeppnisstaða

Niðursveifla í þjóðarbúskap Íslendinga hefur jafnan valdið gengislækkun krónunnar. Við það lækka íslensk laun og annar framleiðslukostnaður í erlendri mynt sem bætir samkeppnisstöðu Íslands gagnvart útlöndum og ýtir undir vöxt útflutningsgreina (Box 1.1). Gengislækkun hækkar hins vegar einnig verð á innflutningi og veldur verðbólgu, sem dregur úr kaupmætti launa og stuðlar að vaxtahækkunum og hærri greiðslubyrði af skuldum heimila og fyrirtækja.

Í þeirri kreppu sem nú gengur yfir er útlit fyrir að verðbólga haldist áfram hófleg og að vextir haldist áfram lágir. Þrátt fyrir að verð erlendra gjaldmiðla hafi hækkað um 18% að meðaltali frá áramótum til septemberbyrjunar hafa áhrif á mælda verðbólgu verið takmörkuð enn sem komið er. Þar skiptir miklu lækkun hrávöruverðs á alþjóðamörkuðum, ekki síst olíuverðs. Hins vegar hefur verð á innfluttum neysluvörum hækkað. Þá hefur dregið úr alþjóðlegri verðbólgu vegna minnkandi umsvifa og eftirspurnar á heimsvísu. Verðbólga var 3,2% í ágúst 2020 og spár gera ráð fyrir að verðbólga fari ekki mikið umfram markmið Seðlabankans um 2,5% verðbólgu á næstu misserum.

## Box 1.1

**Samkeppnisstaða Íslands**

Samkeppnisstaða ræður miklu um hagsæld þjóða, getu þeirra til að skapa ný störf og viðhalda þeim sem fyrir eru. Samkeppnisstaðan ákvarðast af mörgum samverkandi félags- og efnahagslegum þáttum, t.d. uppbyggingu og skilvirkni stofnana, innviða, hagstjórnar, tæknivæðingar, efnahagslegs stöðugleika, heilbrigðiskerfis, menntakerfis, vöru-, vinnu- og fjármálamarkaða, viðskiptaumhverfis, nýsköpun og stærð markaðs-svæðis.

IMD viðskiptaháskólinn í Sviss gefur árlega út ítarlegan samanburð á samkeppnis-hæfni landa, og notar til þess samtals 255 mælikvarða. Af 63 löndum í rannsókninni stendur Ísland nú í 21. sæti á milli Kína og Nýja-Sjálands. Efst á listanum er Singapúr, Danmörk er í öðru sæti og Sviss í því þriðja. Öll Norðurlöndin eru ofar Íslandi á þessum lista.


Þegar horft er til skamms tíma, er samkeppnisstaða þjóða jafnan metin út frá því hvernig verð og gæði vöru og þjónustu eru í samanburði við sambærilegar vörur og þjónustu frá öðrum löndum. Ef íslensk vara er dýrari en sambærileg vara annars staðar frá þarf hún að vera betri að gæðum til að vera samkeppnishæf. Einfalt mat fæst með því að skoða þróun raungengis íslensku krónunnar, en hreyfing þess gefur vísbendingu um hvort samkeppnisstaðan versnar eða batnar.

Raungengi er skilgreint sem hlutfallsleg þróun verðlags eða launakostnaðar á framleidda einingu í heimalandi annars vegar og viðskiptalöndunum hins vegar frá tilteknu grunnári og mælt í sama gjaldmiðli og birt sem vísitala, samanber jöfnuna hér að neðan.

$$\text{Raungengi} = \frac{\text{Innlent verðlag}}{\text{Nafngengi} * \text{Erlent verðlag}}$$

Raungengið gefur þannig til kynna hvort verðlag á Íslandi fer hækkandi eða lækkandi í samanburði við önnur lönd að teknu tilliti til breytingar gengis gjaldmiðilsins.

Mynd 1.2 **Raungengi krónunnar 1960-2020**



Heimild: Seðlabanki Íslands



### 1.3 Sögulega lágir vextir


Vextir hafa lækkað hratt í kjölfar lágrar verðbólgu og minnkandi efnahagssumsvifa. Þannig eru meginvextir Seðlabanka Íslands nú 1% og vextir á 7 daga veðlánnum Seðlabankans til innlánsstofnana hafa lækkað úr 5,25% í upphafi árs 2019 í 1,75% nú. Á sama tíma lækkuðu lægstu breytilegu óverðtryggðir íbúðalánavextir um 2,7 prósentur í 3,3% og lægstu fáanlegir verðtryggðir íbúðalánavextir banka og lífeyrissjóða um tæplega 1,5 prósentur í 2,2%. Vextir er nú í sögulegu lágmarki, hvort sem litið er til skammtíma- eða langtímavaxta.

Mörg heimili hafa nýtt tækifærið og endurfjármagnað eldri lán sem voru á hærrí vöxtum. Fólk velur í auknum mæli óverðtryggð lán á breytilegum vöxtum, en slík lán fela að jafnaði í sér þyngri greiðslubyrði í upphafi lánstímans, en skila mun hraðari eignamyndun og lægri greiðslubyrði þegar líður á lánstímann.

Vaxtalækkunin skilar auknum ráðstöfunartekjum fyrir þá sem hafa tök á að skuldbreyta eða eru að taka ný lán. Fyrir fjölskyldu sem skuldar 20 milljónir króna, skilar 1,5% vaxtalækkun til dæmis samtals 300 þúsund króna lægri vaxtakostnaði á ári. Húsnæðiseigendur og leigjendur eru að þessu leyti í afar ólíkri aðstöðu, en í hópi leigjenda eru viðkvæmari hópar, til dæmis ungir, tekjulágir og erlent launafólk. Mælingar Hagstofu Íslands á greiddri húsaleigu benda til að lækkun íbúðalánavaxta hafi ekki skilað sér til lækkunar á húsaleigu.

Eins og Seðlabankinn hefur m.a. bent á fylgir vaxtaáhætta breytilegum (óverðtryggðum) vöxtum. Ef vextir hækka að nýju, t.d. vegna hækkandi verðbólgu eða þenslu í efnahagslífinu, mun greiðslubyrði heimila hækka hratt. Lág verðbólga er því lykilatriði til að halda niðri greiðslubyrði óverðtryggðra skulda á breytilegum vöxtum, og höfuðstóli verðtryggðra skulda.

Mynd 1.3 Vextir húsnæðislána og hrein ný útlán til heimilanna



<sup>1</sup>Lægstu skráðu breytilegu vextir óverðtryggðra lána <sup>2</sup>Lægstu skráðu föstu vextir verðtryggðra lána

Heimild: Seðlabanki Íslands

### 1.4 Viðbrögð stjórnvalda við kórónuveirufaraldrinum

Frá upphafi faraldursins hefur meginverkefni hagstjórnar verið að milda efnahagsleg áhrif farsóttarinnar og aðstoða heimili og fyrirtæki við að takast á við yfirstandandi vanda. Stjórnvöld hafa innleitt víðtækar aðgerðir og valið að taka skref í takti við þróun faraldursins. Markmið stjórnvalda hafa frá upphafi verið að bjarga mannlífum, verja heilbrigðiskerfið, milda efnahagsáhrifin af áfallinu og minnka líkur á varanlegum áhrifum þess. Þannig er lagður grunnur að því að undirbúa kröftugan efnahagsbata um leið og farsóttin hjaðnar og slakað er á sóttvarnaraðgerðum. Aðgerðir til að ná þeim markmiðum, bæði á sviði sóttvarna og efnahagsmála, hafa þó tekið sífelldum breytingum og tekið mið bæði af stöðu faraldursins og efnahagsáhrifum nauðsynlegra sóttvarnaraðgerða til að hefta útbreiðslu veirunnar á hverjum tíma.

Strax í upphafi faraldursins féll eftirspurn í ferðaþjónustu mjög snarpt og mörg þjónustufyrirtæki í öðrum greinum þurftu að draga úr starfsemi vegna sóttvarnaraðgerða. Almennt var álitnið að áhrif faraldursins yrðu skammvinn. Megináhersla efnahagsaðgerða stjórnvalda var að viðhalda ráðningarsambandi milli launafólks og atvinnurekenda með greiðslu hlutabóta atvinnuleysistrygginga á móti skertu starfshlutfalli og að aðstoða fyrirtæki til að komast í gegnum tímabundið eftirspurnaráfall. Fyrirtækjum var veitt heimild til að fresta skattgreiðslum og taka brúarlán með hlutaábyrgð ríkisins og sett voru tímabundin lög um að ríkið greiddi laun fyrir fyrirtæki vegna fólks sem yfirvöld sendu í sóttkví.

Barnafjölskyldum var greiddur barnabótaauki, úttekt séreignarsparnaðar var heimiluð tímabundið og fjármálastofnunum gefin tilmæli um að veita greiðslufresti á lánum og falla tímabundið frá dráttarvöxtum til að auka ráðstöfunartekjur heimilanna til að draga úr hættu á skuldavanda. Lögð var áhersla á aðgerðir til að örva eftirspurn á vinnumarkaði með endurgreiðslu virðisaukaskatts, m.a. vegna framkvæmda við íbúðar- og frístundahúsnæði. Þá var sérstakt fjárfestingaáttak boðað og markaðs-herferð skipulögð og sett af stað fyrir ferðaþjónustuna og tengdar greinar. Töluverð umræða hefur verið um umfang og eðli stuðnings stjórnvalda við fyrirtæki og hvers konar skilyrði sé eðlilegt að setja fyrir stuðningnum.

Seðlabankinn hefur einnig gripið til fjölþættra aðgerða til að styðja ofangreind markmið, meðal annars til að auka útlánagetu fjármála-fyrirtækja og veita þeim svigrúm til að endurskipuleggja skuldir fyrirtækja og heimila. Bankinn lækkaði einnig stýrivexti um 3,75 prósentur á tímabilinu mars 2019 til maí 2020 til að örva eftirspurn í hagkerfinu og hefur beitt inngripum á gjaldeyrismarkaði til að draga úr gengis-sveiflum og þar með verðbólguþrýstingi. Þá kynnti bankinn þann 9. september áform um að hefja reglulega sölu gjaldeyris á innlendum gjaldeyrismarkaði til þess að auka dýpt markaðarins og bæta verðmyndun sem að öðru óbreyttu ætti að leiða til aukins stöðugleika.

Þegar leið á vorið lögðu stjórnvöld aukna áherslu á að aðstoða rekstrar-hæf fyrirtæki með frestun tekjuskattsgreiðslna, styrkjum vegna lokunar-aðgerða í sóttvarnarskygni, lánum til lítilla og meðalstórra fyrirtækja og lánasjóði fyrir ferðaþjónustufyrirtæki til að fjármagna endurgreiðslu á ferðum sem féllu niður vegna faraldursins. Framboð sumarstarfa fyrir námsmenn var aukið, kaupauki var greiddur til starfsmanna í heilbrigðiskerfinu og framlög aukin til félagslegra aðgerða fyrir viðkvæma hópa. Aukin áhersla verður lögð á stuðning við nýsköpun til að hvetja til fjárfestinga í vaxtarsprotum atvinnulífsins og sérstakur samhæfingarhópur var settur á laggirnar til að greina vanda á vinnumarkaði og leggja fram tillögur um vinnumarkaðsaðgerðir og námsúrræði.

Í sumarbyrjun var orðið ljóst að áhrif faraldursins myndu vara lengur en vonir stóðu til í upphafi. Hlutabætur atvinnuleysistrygginga voru því framlengdar til ágústloka, einfaldari tímabundnar reglur settar um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja og fyrirtækjum gefinn tímabundinn kostur á að sækja um stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti. Í sumarlok var síðan ákveðið að framlengja stuðning ríkissjóðs vegna greiðslu launa í sóttkví til ársloka 2021, atvinnulausum veittar auknar heimildir til að stunda nám á atvinnuleysisbótum og réttur til tekjutengdra atvinnuleysisbóta lengdur úr

þremur mánuðum í sex fram til 1. október 2021. Hlutabótaleiðin var síðan framlengd öðru sinni, nú til ársloka 2020.

Töluverð umræða hefur farið fram um fjárhæðir atvinnuleysisbóta. Nokkuð ljóst er að einungis lítill hluti atvinnuleitenda mun finna starf á næstu mánuðum og því verður umræða um afkomu atvinnulausra og aðgerðir til atvinnusköpunar knýjandi (Box 1.2). Alþingi samþykkti vorið 2020 að ráðstafa 15 milljörðum króna í fjárfestingaáttak fyrir veturinn 2020-2021 með áherslu á innviðaupbyggingu, nýsköpun, skapandi greinar og grænar lausnir. Stærra fjárfestingaráttak er í undirbúningi sem ætlunin er að ná til árunna 2021-2023.

Í alþjóðlegum samanburði var Ísland tiltölulega vel í stakk búið fyrir glímuna við kreppuna. Staða ríkissjóðs hvað skuldir varðar var orðin nokkuð sterk í ársbyrjun 2020 og því mögulegt að grípa til umfangsmikilla mótvægisáðgerða. Fjármálaráðuneytið gerir nú ráð fyrir að rekstrarhalli ríkissjóðs geti numið nálægt 300 milljörðum króna á árinu 2020 sem svarar til 11% af landsframléiðslu, en til samanburðar var í desember 2019 gert ráð fyrir að hallinn yrði 10 milljarða króna á árinu. Fjármálaráðuneytið gerir einnig ráð fyrir miklum halla á árinu 2021, eða sem nemur 9% af landsframléiðslu. Aukinn halli stafar bæði af tekjutapi ríkissjóðs vegna minni efnahagssumsvifa og kostnaði við mótvægisáðgerðir. Gert er ráð fyrir að skuldir ríkissjóðs verði 47% af landsframléiðslu í árslok 2021 og 56% árið 2022.

#### Box 1.2

### Hagstjórn í breyttum heimi

Áður en efnahagsáhrif heimsfaraldursins lögðust af fullum þunga á íslenskt atvinnulíf var orðið ljóst að vexti ferðaþjónustunnar væru takmörk sett. Varanlegan hagvöxt þyrfti að byggja á breiðari grunni sem næði til sem flestra þátta efnahagslífsins og samfélagsleg sátt ríkti um.

Lengi hefur einnig verið ljóst að staðan í efnahagsmálum á heimsvísu er fremur bágborin og mörg iðnríki hafa átt í vök að verjast. Hvort sem litið er til Evrópu, Asíu eða Ameríku blasir við breytt mynd frá því sem áður var þegar samfelldur hagvöxtur og kaupmáttaraukning var nánast regla. Nú er jafnvel talað um **langvarandi hnignun hagvaxtar** („secular stagnation“), því ekki tekst að tryggja nægjanlega fjárfestingu og nýsköpun til að viðhalda eðlilegum vexti framléiðslugetunnar í hagkerfinu. Afleiðingin er ónóg atvinnusköpun og þar af leiðandi viðvarandi stöðnun.

Algeng skýring á þessari framvindu er sú að jafnvægisvextir í hagkerfinu hafi lækkað svo mikið að ekki sé gerlegt með góðu móti að ná því jafnvægi sparnaðar og fjárfestingar sem jafnan þarf til að tryggja fulla atvinnu. Aðrir hafa bent á að orsaka þessarar þróunar sé frekar að leita í langvarandi hnignun eftirspurnar vegna aukins tekjuójafnuðar sem smátt og smátt hafi dregið úr hvata til fjárfestingar og þar með hagvexti.

Umhverfismál, áskoranir og skyldur á þeim vettvangi hafa einnig fengið aukið vægi eftir því sem afleiðingar mengunar og loftslagsbreytinga verða augljósari. Krafa um sjálfbærni er því nánast orðin óaðskiljanlegur hluti af stefnumótun í efnahagsmálum hvort sem litið er til skemmri eða lengri tíma.

Annað leiðarljós í efnahags- og samfélagsumræðunni er áhersla á að enginn sé skilinn út undan þegar kemur að dreifingu þeirra gæða sem eru til skiptanna í samfélaginu og í því sambandi hefur verið talað um *hagsæld fyrir alla* („inclusive growth“).

Í mörgum iðnríkjum eru stýrivextir nálægt núlli, eða jafnvel neikvæðir, og hefur svigrúm peningastefnunnar til slökunar í efnahagsmálum því verið fullnýtt og vel það að margra mati. Og sé kenningin um langvarandi hnignun á rökum reist er ekki útlit fyrir miklar breytingar hvað þetta varðar í bráð. Þessi staða var komin upp í flestum löndum löngu áður en heimsfaraldurinn hófst og því hafa viðbrögðin við þeim vágasti einungis orðið til þess að festa þessa stöðu enn frekar í sessi. Eftir því sem slökun peningastefnunnar skilar minni árangri, hafa stjórnvöld víða um heim gripið til aðgerða til að örva hagkerfið með auknum opinberum útgjöldum. En fleira kemur til og má í því sambandi nefna slæma reynslu margra ríkja, sérstaklega í Evrópu, af aðhaldsaðgerðum sem gripið var til í kjölfar fjármálakreppunnar.

Þessar umbreytingar hafa á tiltölulega skömmum tíma breytt ríkjandi viðhorfum stjórnvalda, alþjóðastofnana og leiðandi fræðimanna til þess hver sé rétta leiðin til að takast á við efnahagsvanda og mótun langtímastefnu sem taki tillit til umhverfismála og viðunandi tekju- og eignadreifingar, sem feli í sér sjálfbæran hagvöxt fyrir alla („smart growth“).

Líkt og oft áður hefur Ísland verið heldur á eftir öðrum ríkjum í þróun hagstjórnar, en fylgt í stórum dráttum þeim meginstraumum sem hafa ráðið för á alþjóðavísu. Svigrúm peningastefnunnar hér á landi hefur því verið meira en víða annars staðar þar sem vextir lækkuðu ekki eins hratt og í nágrennalöndunum á meðan vöxtur í ferðaþjónustu var sem hraðastur. Nú hefur orðið breyting þar á og vextir eru þegar komnir í sögulegt lágmark. Magnbundnum peningamálaaðgerðum (kaupum Seðlabankans á ríkisskuldabréfum til að stuðla að lækkun langtímavaxta) hefur þó einungis verið beitt í litlum mæli hér á landi enn sem komið er, öfugt við það sem gerst hefur annars staðar. Áhrifaríkustu hagstjórnaraðgerðirnar á Íslandi síðastliðna



mánuði hafa verið á sviði ríkisfjármála með víðtækum stuðningi við fyrirtæki, heimili og launafólk.

Viðbrögð ríkja við kórónuveiruheimsfaraldrinum endurspeglu þá viðhorfsbreytingu til hagstjórnar að ríkisfjármálin og aðgerðir hins opinbera þurfi að vera í lykilhlutverki þegar kemur að varnarviðbrögðum og uppbyggingu til lengri tíma. En jafnframt þurfi að huga að því með hvaða hætti einkageiranum sé gert kleift að leggja sitt af mörkum til að tryggja eðlilegt jafnvægi í efnahagslífinu.

## 1.5 Vinnumarkaður í skugga kórónuveirufaraldurs

Atvinnuleysi fór hratt vaxandi á fyrstu mánuðum ársins. Skráð atvinnuleysi hjá Vinnumálastofnun fór úr 4,8% í janúar 2020 og náði hámarki í 17,8% í apríl, en þar af voru 10,3% vegna minnkaðs starfshlutfalls. Ríflega 49.000 manns voru því á atvinnuleysissskrá í aprílmánuði, þar af voru tæplega 16.500 manns að fullu án atvinnu og 32.800 í skertu starfshlutfalli á móti hlutabótum atvinnuleysistrygginga. Þegar líða tók á sumarið fækkaði verulega í hópi þeirra sem fengu greiddar hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli, en almennt atvinnuleysi fór hinsvegar heldur vaxandi. Kynjamunur er nokkur, en í júlí var almennt atvinnuleysi 8,1% meðal kvenna og 7,7% meðal karla. Samkvæmt spám Vinnumálastofnunar mun atvinnuleysi fara vaxandi með haustinu og verða nálægt 9%. Vinnustundum hefur einnig fækkað mikið (mynd 1.4).

Í júlí 2020 voru tæplega sjö þúsund einstaklingar, sem áður störfuðu í ferðaþjónustu, á atvinnuleysissskrá hjá Vinnumálastofnun og var hlutfallslegt atvinnuleysi 23% í greininni. Í rekstri gististaða og veitingarekstri var atvinnuleysi 27%, í leigustarfsemi einnig 27%, en þar undir falla ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur, og í flutningastarfsemi var það 17%.


Skráð atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum, eða 16,5% í júlí að meðtöldu fólki í skertu starfshlutfalli. Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuleysi 9,3% miðað við 8,8% á landinu öllu. Á öðrum landssvæðum er skráð atvinnuleysi undir meðaltali, og lægst á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.

Fjölgað hefur í hópi þeirra sem standa utan vinnumarkaðar frá sama tíma í fyrra. Einstaklingar utan vinnumarkaðar voru 15% fleiri fyrstu sex mánuði ársins 2020 samanborið við sama tíma árið áður. Þar af var fjölgunin 20% meðal karla en 12% meðal kvenna. Hlutfallsleg atvinnuþátttaka mældist 80% fyrstu sex mánuði ársins 2020 samanborið við 82% í fyrra og hafði

Mynd 1.4

**Skráð atvinnuleysi**


% af mannafla



Skert starfshlutfall (hlutabætur)  
Að fullu án atvinnu

**Atvinnuþátttaka og hlutfall starfandi**


% af mannfjölda 16-75 ára



Atvinnuþátttaka  
Hlutfall starfandi

**Atvinna og vinnutími**

Breyting frá fyrra ári, %



Fjöldi starfandi  
Meðalvinnutími  
Heildarvinnustundir

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands

lækkað um þrjú prósentustig hjá körlum og tvö hjá konum. Þetta bendir til þess að hluti þeirra einstaklinga sem eru án vinnu séu vonlitlir og velji að hætta leit að störfum.

Í síðustu kreppu komu áhrifin á vinnumarkað fyrst fram í byggingar- og fjármálageiranum, sem framan af hafði meiri áhrif á atvinnuleysi karla en kvenna. Í þessari kreppu er þessu öfugt farið. Víða um heim eru konur í meirihluta þeirra sem missa vinnuna og á það líka við hér á landi. Konur eru auk þess um 70% þeirra sem vinna í heilbrigðisgeiranum á heimsvísu, þar sem álag tengt heimsfaraldrinum er mikið. Það er því mikill munur á þeim áhrifum sem kórónuveirufaraldurinn hefur á karla og konur.

Hópuppsögnum fjölgaði til muna eftir að kórónuveirufaraldurinn skall á. Alls bárust Vinnumálastofnun tilkynningar um hópuppsagnir frá 123 fyrirtækjum frá janúar til ágúst þar sem samtals 8.153 starfsmönnum var sagt upp, sem samsvarar 4,1% af fjölda starfandi á vinnumarkaði. Langflestar uppsagnanna eru í fyrirtækjum í ferðaþjónustu eða tengdum greinum. Uppsagnarfrestur hjá um 4.000 manns rann út í ágúst, sem samsvarar um 2% af vinnuaflinu. Líklega munu margir þessara einstaklinga bætast á atvinnuleysis skrá, þótt gera megi ráð fyrir að einhverjir hafi verið endurráðnir, aðrir hafi fundið sér ný störf, farið í nám, flutt úr landi eða horfið af vinnumarkaði.

Í könnun sem Gallup gerði í maí og fram í júní fyrir Samtök atvinnulífsins og Seðlabankann meðal stærstu fyrirtækja landsins kom fram að stjórnendur töldu stöðu efnahagsmála mjög slæma á þeim tíma, en helmingur

þeirra taldi að staðan yrði betri strax að hálfu ári liðnu. Hjá fyrirtækjunum í könnuninni starfa samtals um 25 þúsund manns. Fjögur af hverjum tíu fyrirtækjum gerðu ráð fyrir að fækka starfsmönnum á síðari helmingi ársins á meðan einungis 6% fyrirtækja gerðu ráð fyrir að fjölga starfsmönnum.

Atvinnuleysi er mikið og útlit fyrir að það aukist með haustinu. Lítið sem ekkert hefur verið um uppsagnir hjá hinu opinbera, og því er obbi þeirra sem missa vinnuna starfsmenn á almennum vinnumarkaði. Seðlabankinn spáir því að atvinnuleysi nái hámarki í 10% undir árslok en verði að jafnaði 7,9% á árinu 2021.

Reynslan bendir til þess að samsetning starfa á vinnumarkaði breytist í kreppu og í kjölfar hennar. Störf í ákveðnum atvinnugreinum tapast og ný störf verða til þegar hagvöxtur tekur við sér á nýjan leik. Því verða oft miklar breytingar á vinnumarkaði þegar þjóðarbúskapurinn lagar sig að breyttum aðstæðum og fjöldi launafólks gæti þurft að skipta um starfsvettvang.

Eðlilegt er að spurt sé hvaða lærdóma megi draga af fyrri kreppum sem gætu gagnast nú. Atvinnuleysi hefur aukist hratt og hætt er við að það verði langvarandi, einkum ef efnahagsbatinn lætur á sér standa. Ólíklegt er að fjöldi starfa í ferðapjónustu muni ná fyrri hæðum á næstu misserum og þótt ný störf verði til í öðrum atvinnugreinum þá tekur slík þróun langan tíma. Ólíklegt er að stjórnvöld og almenningur muni sætta sig við langvarandi stöðnun og mun meira atvinnuleysi til frambúðar en landsmenn hafa vanist. Við slíkar aðstæður er líklegt að aukin athygli beinist að leiðum sem auka atvinnusköpun og til að létta fólki að skipta um starfsvettvang.

## 1.6 Þrjár kreppur

Þótt yfirstandandi kreppa eigi sér fã fordæmi má ávallt draga lærdóm af sögunni. Hér verða horfur um efnahagsáhrif kórónufaraldursins bornar saman við tvö fyrri samdráttarskeið, þ.e. bankahrunið 2008-2012 og tímabilið 1988-1995, þegar hagvöxtur var lítill en miklar umbreytingar áttu sér stað í efnahagslífinu.

Samanburður þessara þriggja ólíku tímabila efnahagserfiðleika er gagnlegur við núverandi aðstæður þar sem hagstjórnarviðbrögðin voru mjög ólík. Á fyrsta tímabilinu, stöðnunar- og umbreytingartímabilinu 1988-1995, var megináhersla lögð á að styðja við stöðugleika gengis og

verðlags, ólíkt því sem hafði verið gert á árunum þar á undan. Jafnframt var ráðist í fjölbreyttar skipulagsbreytingar með það að markmiði að auka hagræði og skilvirkni til að styðja við hagvöxt og atvinnusköpun. Á öðru tímabilinu, bankahrununu, var einnig gripið til víðtækra efnahagsaðgerða m.a. í tengslum við samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, en þar fyrir utan leiddi gengishrun krónunnar til gjörbreyttrar samkeppnisstöðu atvinnulífsins sem skapaði forsendur fyrir vexti útflutningsgreina (til dæmis ferðapjónustu). Heimili urðu hins vegar fyrir mikilli kjara- og eignarýrnun og mikilli hækkun skulda bæði vegna gengishruns og verðbólgu.

Nú á haustmánuðum 2020 er hvorki útlit fyrir jafnmiklar kerfisbreytingar eins og á fyrsta krepputímabilinu, né fyrir gengishrun krónunnar eins og í bankakreppunni. Því þarf að finna aðrar leiðir til að stuðla að hagvexti og aukinni atvinnusköpun. Inn í það fléttast þörfin fyrir aðgerðir í loftslagsmálum og skuldbindingar Íslands í þeim efnum.


Stöðunar- og umbreytingartímabilið sem hófst árið 1988 stóð yfir í átta ár og efnahagsniðursveiflan sem kom í kjölfar bankahrunsins í fimm ár. Upphaflega stóðu vonir til þess að núverandi kreppa yrði óvenju stutt og tæki jafnvel bara hálf t. Þótt ljóst sé að núverandi kreppa vari lengur, standa vonir enn til þess að viðsnúningurinn verði mun skjótari en í fyrri kreppum.

Þessi þrjú samdráttartímabil eiga sér ólíkan uppruna, en óháð því þarf hagkerfið eftir sem áður að aðlagast breyttum aðstæðum og leita að nýju jafnvægi. Slík aðlögun kallar oft á töluverða breytingu í framleiðslu og á hreyfingu fólks á milli starfa og atvinnugreina.

Tilurð kreppunnar árið 1988 má rekja til snöggra umskipta í ytri aðstæðum þegar aflaheimildir voru minnkaðar á sama tíma og verðlagsþróun á útflutningsmörkuðum fyrir sjávarafurðir var óhagstæð. Allt annað var uppi á teningnum árið 2008 þegar íslenska fjármálakerfið hrundi til grunna samhliða alþjóðlegri fjármálakreppu. Núverandi efnahagslægð á sér einnig alþjóðlegar rætur vegna farsóttar sem umbyltir efnahagshorfum á heimsvísu.

Á undan öllum þessum þremur kreppum stóð yfir nokkurra ára uppsveifla með tilheyrandi góðærisáhrifum á hagvöxt og atvinnustig, og töluverðri styrkingu á raungengi krónunnar. Snögg umskipti höfðu því víðtæk áhrif á efnahagslífið. Þótt sögulegur samanburður geti alltaf orkað tvímælis, gefur samanburður á lykilstærðum eins og landsframleiðslu, raungengi, verðbólgu, kaupmætti og atvinnuleysi þó ákveðna yfirsýn (mynd 1.5).

Mynd 1.5 Samanburður á efnahagsframvindunni í þremur kreppum



Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands

Kreppuna sem hófst árið 1988 má kalla L-laga, eða jafnvel W-laga (Box 1.3) þar sem landsframleiðslan féll lítillega árið 1988 (-0,1%), óx fremur hægt á árunum 1989-1990, en féll svo aftur á árunum 1991 (-0,2%) og 1992 (-3,4%). Sex ár liðu áður en landsframleiðslan náði aftur gildi ársins 1987. Öfugt við þessa framvindu dróst landsframleiðslan hratt saman strax í upphafi fjármálakreppunnar sem og nú í kórónukreppunni. Fjármálakreppan var því nálægt því að vera U-laga (eða gleitt V) og tók sjö ár áður en landsframleiðslan náði aftur gildi ársins 2007. Væntingar um framvinduna nú snúa í þá átt að kórónukreppan verði V-laga og að það taki tvö ár að ná aftur landsframleiðslu ársins 2019.

Í fyrstu tveimur kreppunum lækkaði bæði kaupmáttur greiddra launa og kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann töluvert, eftir að hafa aukist mikið árin áður (sjá box 4.2). Í fjármálakreppunni hækkaði Seðlabankinn auk þess stýrivexti sína í 18% til að stemma stigu við gengishruni og verðbólgu. Í núverandi kreppu virðist sem kaupmáttur greiddra launa á hverja tímaeiningu (tímakaups) muni áfram aukast og vextir haldist lágir. Á sama tíma spáir Hagstofan lækkun á kaupmætti ráðstöfunartekna



heimilanna árið 2020, en hefur ekki birt nákvæma spá. Hagstæð verðbólguþróun verndar því kaupmátt tímakaups, en fækkun starfa og vinnustunda dregur úr þeim heildartekjum sem heimilin hafa til ráðstöfunar.

Upphafsstaða atvinnuleysis hefur hækkað við hverja kreppu. Nú, líkt og í fjármálakreppunni, jókst atvinnuleysi hratt í upphafi en það var ekki fyrr en liðin voru þrjú ár af fyrstu kreppunni að atvinnuleysi fór að aukast.

Raungengið, sem er mikilvægur mælikvarði á samkeppnisstöðu landsins (sjá nánar umfjöllun í boxi 1.1) var í hápunkti í upphafi kreppnanna þriggja og féll eftir að þær skullu á. Þótt gengi krónunnar hafi sigið það sem af er ári 2020 og leitt til lækkunar raungengis, hefur það ekki haft sömu áhrif innanlands og í fyrri kreppum. Þannig hafa áhrif á verðbólgu verið frekar lítil, a.m.k. fram að þessu. Þetta tengist meðal annars breyttri stöðu hagkerfisins gagnvart útlöndum og því að við búum ekki lengur við stöðugan undirliggjandi viðskiptahalla.

Í öllum kreppunum þremur hafa viðbrögð stjórnvalda skipt sköpum þegar kemur að því að ná tökum á efnahagsframvindunni. Kreppuna sem hófst árið 1988 má að mestu rekja til erfiðleika í sjávarútvegi sem á þeim tíma var enn mikilvægari útflutningsgrein en hún er nú. Fyrstu viðbrögð stjórnvalda voru því eins og áður hefðbundnar gengisfellingar og ráðstafanir til að tryggja rekstrargrundvöll sjávarútvegsins. Lög voru sett sem takmörkuðu launabreytingar kjarasamninga árið 1988 með það að markmiði að halda aftur af víxlverkunum launahækkana og verðlags og gengislækkunar krónunnar.

Á tímabilinu 1988 til 1995 tók þjóðarbúskapurinn miklum breytingum sem mótaði efnahagssumhverfið sem við búum nú við. Þjóðarsáttarsamningnum árið 1990 var ætlað að binda enda á mikla víxlhækkun launa og verðlags sem verið hafði leiðarstef í efnahagsþróun Íslands allt frá tíma síðari heimsstyrjaldarinnar. Samið var um tiltölulega hóflegar launahækkningar á grundvelli stöðugs gengis krónunnar með það að markmiði að verðbólga yrði sambærileg við viðskiptaþjóðirnar. Kjarasamningar voru framlengdir árin 1992, 1993-1994, 1995 og 1997 í sama anda, þar sem meginmarkmiðið var að standa vörð um samkeppnisstöðu atvinnulífsins og fjölga störfum. Á tímabilinu voru gerðar ýmsar umfangsmiklar kerfisbreytingar.

Í sjávarútvegi var kvótakerfið og frjálst framsal fiskveiðiheimilda fest í sessi. Skattkerfinu var umbylt og ríkið hóf sölu ýmissa fyrirtækja sinna í samkeppnisrekstri. Fjármögnun ríkisins breyttist einnig. Í stað opins


yfirdráttar í Seðlabankanum þurfti ríkissjóður nú að afla lánsfjár á markaði. Þá var peningastefnu breytt í fastgengisstefnu til að styðja við hóflega verðbólgu.

Stærsta breytingin á þessu tímabili er þó án efa innganga Íslands í Evrópska efnahagssvæðið (EES). Þar með varð Ísland hluti af sameiginlegu markaðssvæði Evrópusambandsins.

Eftir hrun fjármálakerfisins 2008 var einnig gripið til víðtækra efnahagsaðgerða sem í upphafi mótuðust mjög af samstarfi íslenskra stjórnvalda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Við blasti algerlega nýr efnahagslegur

Mynd 1.6 **Hagvöxtur 1980-2022**


% breyting á landsframleiðslu á milli ára



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 1.7 **Raugengi 1980-2022**


Vísitala 2005= 100



Heimild: Seðlabanki Íslands

Mynd 1.8 **Kaupmáttur launa á mælikvarða launavístölu 1980-2022**

Vísitala 2005= 100



raunveruleiki og þörf á róttækum viðbrögðum þar sem heilu atvinnugreinarnar urðu fyrir alvarlegum skakkaföllum og atvinnuleysi margfaldaðist. Innleiðing fjármagnshafta, endurreisn banka, aðgerðir í ríkisfjármálum ásamt endurskipulagningu á skuldum fyrirtækja og heimila höfðu víðtæk áhrif fyrstu árin eftir bankahrunið. Við þessar erfiðu aðstæður gerðu stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins með sér Stöðugleikasáttmála í júní 2009 um aðferðir til að vinna þjóðina út úr vandanum. Markmiðið var að ná verðbólgu niður fyrir 2,5% fyrir árslok 2010, minnka halla hins opinbera, lækka vexti, styrkja gengi krónunnar, styrkja stöðu heimilanna, verja undirstöður velferðarkerfisins, standa vörð um menntakerfið og verja störf. Samhliða gerð þessa sáttmála luku aðilar vinnumarkaðarins gerð kjarasamninga með gildistíma til nóvemberloka árið 2010, þar sem áhersla var lögð á að styrkja stöðu þeirra tekjulægstu.

Aðgerðir stjórnvalda nú í kjölfar kórónuveirusfaraldursins hafa beinst bæði að fyrirtækjum og heimilum og mótast af því að efnahagsáhrifin koma mjög sterkt fram í ákveðnum atvinnugreinum eins og ferðaþjónustu. Ástandið í þeim greinum var reyndar erfitt fyrir, m.a. vegna áfalla í tengslum við fall flugfélagsins Wow air, þannig að þörf fyrir stuðningsaðgerðir var þegar til staðar.

Uppruna efnahagsvanda mátti áður fyrst og fremst rekja til erfiðleika í sjávarútvegi en eftir stöðnunar- og umbreytingatímabilið hefur uppruni efnahagsáfalla verið af öðrum toga. Uppbygging fjármálageirans hér á landi í byrjun aldarinnar var með þeim hætti að þegar fjármálakreppan dundi yfir stóð íslenskt efnahagslíf sérstaklega illa vegna þess hversu stór

fjármálageirinn var orðinn hér á landi. Reynslan af ferðapjónustu er að einhverju leyti keimlík, þar sem hröð uppbygging og áhersla á greinina sem burðarás hagvaxtar og efnahagsframfara kallar enn einu sinni fram þörf fyrir mjög mikla aðlögun.


Lærdómurinn sem draga mætti af þessum þremur kreppum er því ef til vill sá að mikilvægt sé að setja fram skýra framtíðarsýn um fjölbreyttar stoðir hagvaxtar, fremur en að einblína á hraðan vöxt í einstökum atvinnugreinum.

Box 1.3.

### Stafróf efnahagskreppu: V, U, W og L

Hagfræðingar lýsa gjarnan niðursveiflum í þjóðarbúskap með bókstöfunum V, U, W og L. Vísað er til þess hvernig hagvaxtarþróun lítur út á línuriti. Ef samdráttur landsframleiðslu er mikill, viðsnúningur hraður og landsframleiðsla nær skjótt fyrri hæðum, er talað um V-laga kreppu. Ef efnahagsbatinn er hægari er talað um U-laga kreppu. Stundum kemur fyrir að hagvöxtur tekur fljótt við sér í kjölfar niðursveiflu, en síðan kemur bakslag og hagvöxtur verður aftur neikvæður áður en hann nær sér aftur á strik. Þá myndar hagsveiflan feril sem líkist bókstafnum W. Í versta falli getur síðan komið fram samdráttur í þjóðarbúskapnum og í stað öflugs viðsnúnings, tekur við hóflegur hagvöxtur út frá lægri upphafsstöðu en áður. Þá er hagsveiflan L-laga, sem af augljósum ástæðum enginn vill sjá.

Mynd 1.9 Stafróf efnahagskreppu



Heimild: Kjaratölfræðinefnd

## 2 Umgjörð kjarasamninga

Réttindi og samskipti á vinnumarkaði byggja á lögum og kjarasamningum. Lög kveða á um grundvallarreglur um réttindi og skyldur starfsmanna en með kjarasamningum hefur verið samið um aukin réttindi. Flestar breytingar á löggjöf sem tengist vinnumarkaði undanfarin ár eiga rætur sínar í kjarasamningum og tilskipunum ESB vegna aðildar Íslands að EES.

Í lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980, segir að laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skuli vera lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á því svæði sem samningurinn tekur til. Vinnumarkaður á Íslandi skiptist í meginatriðum í almennan (einkageirinn) og opinberan (ríki og sveitarfélög) vinnumarkað.

### Heildarsamtök á vinnumarkaði


Alþýðusamband Íslands (ASÍ) er heildarsamtök stéttarfélaganna á almennum vinnumarkaði með 46 aðildarfélög og 137 þúsund félagsmenn. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) er stærstu heildarsamtök opinberra starfsmanna með 23 aðildarfélög og um 22 þúsund félagsmenn. Bandalag háskólamanna (BHM) er heildarsamtök háskólamenntaðra á vinnumarkaði með 27 aðildarfélög og um 15 þúsund félagsmenn. Kennarasamband Íslands (KÍ) er samband kennara og stjórnenda í leik-, grunn-, framhalds-, og tónlistarskólum með 7 aðildarfélög og um 11 þúsund félagsmenn.

Hvergi er hærra hlutfall launafólks í stéttarfélögum en á Íslandi, eða rúmlega 90%, næst komast hin Norðurlöndin með 50-65% hlutfall, en í flestum öðrum ríkjum er hlutfallið mun lægra. Í Evrópusambandinu er það 30% að meðaltali og 17% í OECD-ríkjunum.



## Mynd 2.1 Aðild að stéttarfélögum

Hlutfall af vinnuafli árið 2018









Heimild: OECD

Heildarsamtök stéttarfélaganna annast samræmingu sameiginlegra málefna aðildarfélaganna og koma fram fyrir þeirra hönd. Samningsrétturinn liggur hjá stéttarfélagunum sem semja um kaup og önnur kjör en þau sem heildarsamtökunum er falið að vinna að. Mikill meirihluti launafólks hér á landi er félagsmenn í stéttarfélögum sem eiga aðild að heildarsamtökum en mörg stéttarfélög standa þó utan heildarsamtaka. Áætlað er að um 23 þúsund launamenn séu í stéttarfélögum utan sambanda.

Viðsemjendur stéttarfélaganna eru í stórum dráttum Samtök atvinnulífsins, fjármála- og efnahagsráðherra, Samband íslenskra sveitarfélaganna og Reykjavíkurborg.





Samtök atvinnulífsins (SA) eru heildarsamtök íslensks atvinnulífs með sex aðildarsamtökum. Með aðild sinni fela fyrirtæki SA gerð kjarasamninga fyrir sína hönd. Nokkur smærri félög atvinnurekenda utan SA gera einnig kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna og byggja þeir í meginatriðum á samningum SA. Ætla má að aðildarfyrirtæki SA hafi um 70% starfsmanna almenna vinnumarkaðarins í vinnu og um 50% vinnumarkaðarins alls.

Mynd 2.2 *Skipulag launafólks á vinnumarkaði*

| Heildarsamtök   |   |   |   | Utan heildarsamtaka   | Utan stéttarfélags  |
|---|---|---|---|---|---|
|  |  |  |  |  |  |
| <b>ASÍ</b><br>Alþýðusamband Íslands   | <b>BSRB</b><br>Bandalag starfsmanna ríkis og bæja                                 | <b>BHM</b><br>Bandalag háskólamanna   | <b>KÍ</b><br>Kennarasamband Íslands   | Stéttarfélag utan bandalaga   | Launafolk utan stéttarfélags  |
| 46 aðildarfélög   | 23 aðildarfélög   | 27 aðildarfélög   | 7 aðildarfélög  | ~40 félög   |   |
| 137.000 félagsmenn  | 22.000 félagsmenn   | 15.000 félagsmenn   | 11.000 félagsmenn   |   |   |

Heimild Kjaratölfræðinefnd

Mynd 2.3 *Skipulag atvinnurekenda á vinnumarkaði*

| Heildarsamtök   |   |   | Aðrir atvinnurekendur  |
|---|---|---|--|
|  |  |  |  |
| <b>Samtök atvinnulífsins</b>  | <b>Fjármála- og efnahagsráðuneytið</b>  | <b>Samband íslenskra sveitarfélaga</b>  | <b>Aðrir atvinnurekendur innan og utan samtaka</b>                                   |
| 2.000 fyrirtæki í 6 atvinnugreina-samtökum  | Kjara- og mannauðssýsla ríkisins  | Fer með samningsumboð fyrir flest sveitarfélög                                      | 10 samtök. 8.000 atvinnurekendur eru utan samtaka.                                   |
| 70% launafólks á almennum markaði starfa hjá þessum fyrirtækjum                     | Semur við um 90 stéttarfélög  | Semur við a.m.k. 61 stéttarfélög  | Um 30% launafólks á almennum vinnumarkaði starfa hjá þessum fyrirtækjum.             |

Heimild Kjaratölfræðinefnd

Samninganefnd ríkisins er skipuð af fjármála- og efnahagsráðherra og fer með kjarasamningsumboð fyrir hönd hans. Samband íslenskra sveitarfélaga fer með samningsumboð fyrir hönd allra sveitarfélaga nema Reykjavíkurborgar sem semur að mestu leyti beint við sína viðsemjendur ef undan eru skildir kjarasamningar við Kennarasamband Íslands.

## Lagaumhverfi kjarasamninga

Á almennum vinnumarkaði er farið að lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Þar kemur m.a. fram að stéttarfélög semji um kaup og kjör fyrir sína félagsmenn. Af því leiðir að samningsumboð samkvæmt lögnum liggur hjá hverju stéttarfélagi fyrir sig, en ekki heildarsamtökum stéttarféлага nema skv. umboði aðildarféлага þeirra. Heimild til boðunar verkfalla liggur hjá stéttarfélögum, en ekki heildarsamtökum fyrir þeirra hönd og verða ekki ákveðin án atkvæðagreiðslu félagsmanna hvers stéttarfélags.

Á opinberum vinnumarkaði er almennt farið að lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986. Lögin gilda um alla starfsmenn sem eru félagsmenn í þeim stéttarfélögum sem hafa heimild til þess að gera kjarasamninga samkvæmt lögnum og eru ráðnir til starfa hjá ríkinu, ríkisstofnunum, sveitarfélögum eða stofnunum þeirra.

## Hlutverk ríkissáttasemjara

Samkvæmt lögum skal ríkissáttasemjari annast sáttastörf í vinnudeilum. Samningsaðilar geta hvenær sem er óskað milligöngu eða aðstoðar hans. Slitni upp úr samningaviðræðum aðila getur hvor um sig vísað deilunni til sáttasemjara.

Ríkissáttasemjari getur lagt fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu. Miðlunartillögu skal leggja fyrir stéttarfélög launafólks, eitt eða fleiri saman og félög atvinnurekenda, eða einstakan atvinnurekanda eigi hann í vinnudeilu. Sáttasemjara ber að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hann leggur fram miðlunartillögu en samninganefndir taka ekki formlega afstöðu til efnis hennar.

## Aðkoma ríkissáttasemjara að kjaradeilum samningalotunnar 2019-2020

Samningalota sú sem hófst hjá ríkissáttasemjara í janúar 2019 stendur enn, þrátt fyrir að langt sé um liðið síðan heildarsamkomulag tókst á almennum vinnumarkaði. Á tímabilinu hefur 79 kjaradeilum verið vísað til sáttameðferðar, þar af hefur sátt náðst í 64 málum, en 15 mál voru enn í sáttameðferð hjá embættinu 1. september 2020. Að baki liggja 428 formlegir sáttafundir með aðkomu ríkissáttasemjara, en eðli málsins samkvæmt tekur mislangan tíma að leiða mál til lykta. Oft standa fundir yfir í tvo til þrjá daga með stuttum fundarhléum. Að auki hafa 111 samningafundir verið haldnir í húsnæði embættisins í kjaradeilum án þess að deilunum hafi verið vísað til ríkissáttasemjara með formlegum hætti.

Mynd 2.4



Heimild: Kjaratölfræðinefnd

\*samningafundir haldnir í húsnæði embættisins án þess að deilunum hafi verið vísað til embættisins með formlegum hætti

Víða í nágrennaríkjum er hefð fyrir því að samningur taki við af samningi, þannig að gerður er nýr samningur áður en sá gamli rennur sitt skeið á enda. Á Íslandi er það nær óþekkt. Yfirleitt líður meira en hálf tveggja ár frá því að samningur rennur út og þar til samkomulag næst um nýjan samning. Eitt af markmiðum embættis ríkissáttasemjara er að stytta þennan tíma með breyttum vinnubrögðum þeirra sem að koma og færast nær því að samningur taki við af samningi.

### Afgreiðsla kjarasamninga


Þegar aðilar hafa komið sér saman um efni kjarasamnings er hann undirritaður af fulltrúum sem umboð hafa til gerðar þeirra. Kjarasamningur telst gilda frá undirskriftardegi, nema honum verði síðar hafnað með meirihluta allra greiddra atkvæða í leynilegri atkvæðagreiðslu innan fjögurra vikna frá undirritun samnings, en annars telst hann samþykktur. Ef kjarasamningur tekur einungis til hluta félagsmanna eða starfsmanna fyrirtækis er heimilt að ákveða í samningnum að þeir einir séu atkvæðisbærir um hann, enda komi þar skýrt fram hvernig staðið verði að atkvæðagreiðslu.

### Heildarfjöldi kjarasamninga

Íslenskt kjarasamningsumhverfi er bæði viðamikil og flókið. Samningar fara yfirleitt fram í lotum, þar sem tiltölulega stór hópur brýtur ísinn, yfirleitt sambönd eða félög innan ASÍ. Í samningalotunni sem hófst í ársbyrjun 2019, höfðu í septemberbyrjun 2020 verið gerðir 285 formlegir kjarasamningar milli hinna ýmsu aðila og u.þ.b. 45 var ólokið, þannig að heildarfjöldi kjarasamninga í samningalotunni 2019-2020 gæti orðið um 330. Þegar samningalotunni lýkur verður fjöldi kjarasamninga SA líklega 131 (23 ólokið), 57 á vettvangi ríkisins (9 ólokið), 84 hjá sveitarfélögum (fjórum ólokið), þar af 19 hjá Reykjavíkurborg (einum ólokið) og 58 hjá öðrum aðilum en framangreindum.

### Mynd 2.5 Fjöldi á kjörskrá samþykkrá kjarasamninga 2019-2020

Staðan í septemberbyrjun 2020: 157.904 launamenn, 285 samningar




Heimild: Kjaratölfræðinefnd

Samtals ná 285 undirritaðir kjarasamningar í septemberbyrjun 2020 til tæplega 158 þúsund launamanna. Tveir þriðju hlutar félagsmannanna störfuðu á almennum vinnumarkaði, 15% hjá sveitarfélögum og 13% hjá ríkinu.

Samtök atvinnulífsins gera að jafnaði rúmlega 130 kjarasamninga í hverri samningalotu. Í yfirstandandi lotu gerðu samtökin 49 samninga við stéttarfélag innan ASÍ með undirritun eins kjarasamnings, Lífskjarasamningsins í apríl 2019, við samflot SGS og LÍV (stéttarféлага verkafólks og verslunarmanna) og við samflot 19 félaga iðnaðarmanna í maí 2019. Þá voru gerðir 5 kjarasamningar við stéttarfélag utan ASÍ (BÍ, Sleipnir, SSF, VFÍ og STF) þar sem SSF, Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja og STF, samband stjórnendafélaga, eru fjölmennust. Til viðbótar þessum 54 samningum voru gerðir 56 fyrirtækjasamningar í lotunni og voru 23 fyrirtækjasamningar enn lausir í septemberbyrjun 2020.

## Mynd 2.6 Kjarasamningar innan einstakra heildarsamtaka

Fjöldi eftir heildarsamtökum



Heimild: Kjaratölfraeðinefnd

Samtök sveitarfélaga höfðu í byrjun september 2020 undirritað 62 kjarasamninga í yfirstandandi samningalotu. Þar af voru gerðir 23 samningar við stéttarfélög og sambönd innan ASÍ, 19 við félög innan BSRB, 12 við félög innan BHM, 3 við félög innan KÍ og 5 við stéttarfélög utan sambanda. Þremur kjarasamningum var ólokið, þ.a. tveimur við félög innan KÍ og einum við félag utan sambanda.

Reykjavíkurborg hafði undirritað 18 kjarasamninga beint við stéttarfélög. Þar af voru þrjú við félög innan ASÍ, tveir við félög innan BSRB, tíu við félög innan BHM og þrjú við félög utan bandalaga. Þá gerir Reykjavíkurborg fimm samninga við stéttarfélög innan KÍ í samfloti með Sambandi sveitarfélaga.

Samanlagt hafa sveitarfélögin og Reykjavíkurborg gert 80 kjarasamninga og var fjórum ólokið í septemberbyrjun 2020.

Samninganefnd ríkisins hefur gert 48 kjarasamninga í samningalotunni, þ.a. fjóra við aðildarsamtök ASÍ, 20 við aðildarsamtök BHM, 12 við aðildarfélög BSRB, tvo við aðildarfélög KÍ og 10 við félög utan bandalaga.

Í þessari skýrslu er í fyrsta sinn birt heildstætt yfirlit yfir undirritaða kjarasamninga í samningalotu og niðurstöður atkvæðagreiðslna stéttarfélaga um þá, þ.m.t. fjölda á kjörskrá. Hingað til hefur ekki verið haldið utan um þessar upplýsingar með skipulögðum hætti og eru

niðurstöður Kjaratölfræðinefndar settar fram með þeim fyrirvara að einstaka samninga kunni að vanta í listann, sem sjá má í viðauka en talið er að þeir séu fáir og breyti ekki heildarmyndinni.

### Atkvæðagreiðslur um kjarasamninga

Kjarasamningur gildir frá undirskriftardegi, nema honum sé hafnað með meirihluta greiddra atkvæða í atkvæðagreiðslu innan fjögurra vikna frá undirritun samnings, en annars telst hann samþykktur.

Ef tvö eða fleiri stéttarfélög gera sameiginlegan kjarasamning við tiltekið fyrirtæki (vinnustaðasamningur), skal hann borinn sameiginlega undir atkvæði allra félagsmanna sem hann tekur til og ræður meirihluti niðurstöðu.

Ef tvö eða fleiri stéttarfélög eru í samstarfi um gerð kjarasamnings við einn viðsemjanda fara þau yfirleitt hvert með sitt samningsumboð og geta viðhaft sérstaka atkvæðagreiðslu fyrir félagsmenn hvers félags fyrir sig. Kjarasamningurinn getur því verið samþykktur í einu félagi en felldur í öðru.

#### Mynd 2.7 Fjöldi á kjörskrá samþyktra kjarasamninga á almennum vinnumarkaði

Allir kjarasamningar SA, annara samtaka atvinnurekenda og einstakra fyrirtækja utan samtaka

|                                     | 111.295      | 111.295           |                       |
|-------------------------------------|--------------|-------------------|-----------------------|
| <b>Stéttarfélög utan ASÍ</b>        | 11.758       | 11.758            | Stéttarfélög utan ASÍ |
| <b>Félög/deildir iðnaðarmanna</b>   | 17.909       | 4.090             | RSÍ                   |
|                                     |              | 8.192             | Samiðn                |
|                                     |              | 5.627             | Önnur félög/deildir   |
| <b>Félög/deildir verslunarmanna</b> | 39.196       | 35.858            | VR                    |
|                                     |              | 3.338             | Önnur félög/deildir   |
| <b>Starfsgreina-samband Íslands</b> | 42.432       | 21.312            | Efling                |
|                                     |              | 3.140             | Eining - Iðja         |
|                                     |              | 4.213             | VSKF                  |
|                                     |              | 13.767            | Önnur félög           |
|                                     | Landssambönd | Fjöldi á kjörskrá |                       |


Heimild: Kjaratölfræðinefnd



## Fjöldi launafólks á kjörskrá eftir samningsaðilum

Það sem af er þessari samningalotu hafa tæplega 160 þúsund manns verið á kjörskrá vegna atkvæðagreiðslna um kjarasamninga. Hvað varðar samninga SA og aðildarfélaganna ASÍ (Lífskjarasamninginn) voru tæplega 92 þúsund manns á kjörskrá, þar af rúmlega 39 þúsund frá stéttarfélögum innan Starfsgreinasambandsins, rúmlega 37 þúsund innan Landssambands íslenskra verzlunarmanna og rúmlega 15 þúsund innan félaga iðnaðarmanna. Í fyrirtækjasamningum sem gerðir voru í kjölfarið voru um 5.900 manns á kjörskrá og um 7.700 manna á kjörskrá í samningum SA við félög utan ASÍ. Samtals voru því um 106 þúsund manns á kjörskrá í samningum sem SA og stéttarfélögin gerðu.


Mynd 2.8 **Fjöldi á kjörskrá um kjarasamninga stéttarfélaganna og SA**



Heimild: Kjaratölfræðinefnd

Í kjarasamningum Sambands sveitarfélaganna og aðildarfélaganna ASÍ voru um 5 þúsund manns á kjörskrá, 6.900 við aðildarfélög BSRB, 1.800 við aðildarfélög BHM og 2.800 við þrjú aðildarfélög KÍ.


Mynd 2.9 **Fjöldi á kjörskrá um kjarasamninga stéttarfélag og Samninganefndar sveitarfélaga**



Heimild: Kjaratölfræðinefnd


Í samningum Reykjavíkurborgar og aðildarfélag ASÍ voru um 1.900 á kjörskrá, um 800 við aðildarfélög BHM og um 4.900 við aðildarfélög BSRB.

Mynd 2.10 **Fjöldi á kjörskrá um kjarasamninga stéttarfélag og Reykjavíkurborgar**



Heimild: Kjaratölfræðinefnd

Mynd 2.11 **Fjöldi á kjörskrá um kjarasamninga stéttarféлага og ríkisins**




Heimild: Kjaratölfræðinefnd

Á kjörskrá í kjarasamningum Samninganefndar ríkisins og aðildarféлага ASÍ voru um 1.600, 6.400 hjá aðildarfélagum BHM, 8.000 hjá aðildarfélagum BSRB, 1.500 hjá KÍ og 3.400 hjá félögum utan bandalaga.

Mynd 2.12 **Þátttaka í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga**

Hlutfall af fjölda á kjörskrá



Heimild: Kjaratölfræðinefnd

## Þátttaka í atkvæðagreiðslum

Þátttaka í atkvæðagreiðslum í síðustu samningalotu var mjög mismunandi eftir stéttarfélögum og vinnumörkuðum. Sé litið á Lífskjarasamninginn tóku að meðaltali 19% félagsmanna á kjörskrá innan aðildarfélaga ASÍ þátt í atkvæðagreiðslum. Þátttaka hjá félögum verkafólks var að meðaltali 12% (minnst 5%, mest 29%). Þátttaka var 21% að meðaltali hjá verslunar- og skrifstofufólki (minnst 11%, mest 60%) og 32% hjá iðnaðarmönnum (minnst 21%, mest 70%). Þátttaka í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga SA og félaga utan ASÍ var öllu meiri, eða 46% að meðaltali (minnst 23%, mest 62%). Þátttaka í fyrirtækjasamningum sem SA gerðu var mun meiri en í öðrum kjarasamningum, eða 69% að meðaltali.

Þátttaka í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga sem Samtök sveitarfélaga gerðu við stéttarfélögin var samtals 51%. Þátttaka var 32% um samninga ASÍ félaganna, 55% um samninga BSRB félaganna (minnst 28%, mest 80%) og 46% (minnst 16%, mest 100%) um samninga aðildarfélaga BHM (minnst 54%, mest 100%). Í samningum sem lokið var við aðildarfélög KÍ í byrjun september var þátttaka 73% (minnst 70%, mest 77%).

Þátttaka í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga sem Reykjavíkurborg gerði við stéttarfélögin var samtals 40%. Þátttaka var 43% um samninga ASÍ félaganna (lægst 42%, hæst 100%), 36% (lægst 35%, hæst 60%) um samninga BSRB félaganna og 60% (lægst 40%, hæst 85%) um samninga BHM félaganna.

Þátttaka í atkvæðagreiðslum um samninga sem samninganefnd ríkisins gerði við stéttarfélögin var samtals 56%. Þátttaka var 20% um samninga ASÍ félaganna (minnst 13%, mest 53%), 63% um samninga BSRB félaganna (minnst 28%, mest 100%) og 70% um samninga BHM félaganna (minnst 48%, mest 60%). Þátttaka í atkvæðagreiðslu um kjarasamning SNR og framhaldsskólakennara var 60%.

Samtök atvinnulífsins efndu til heildaratkvæðagreiðslu meðal aðildarfyrirtækja um Lífskjarasamninginn í apríl 2019. Þeir voru samþykktir með yfirgnæfandi meirihluta eða 98% greiddra atkvæða og var kosningaþátttaka 74%.

## Almennur vinnumarkaður - tímaferill

Flestir samningar á almennum vinnumarkaði runnu út í árslok 2018 og var Lífskjarasamningurinn undirritaður rúmum þremur mánuðum eftir að fyrri samningar runnu út. Samningurinn, sem gerður var á milli Samtaka atvinnulífsins og 30 verkalýðsfélaga innan ASÍ með 77 þúsund félagsmenn, var dæmigerður þríhliða samningur sem stjórnvöld komu


að með yfirlýsingu um ýmsa þætti sem liðkuðu fyrir samningsgerð. Miðað við hefðir og venjur á íslenskum vinnumarkaði mátti ætla að hann yrði fordæmi fyrir aðra samningsgerð. Þann 3. maí 2019 voru undirritaðir samningar við 6 stéttarfélög og sambönd iðnaðarmanna innan ASÍ (samtals 17 samningar) og í júní voru gerðir samningar við tvö iðnaðarmannafélög til viðbótar. Á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um þessa samninga voru tæplega 15.500 manns. Þar með höfðu allir almennir kjarasamningar stéttarfélaganna innan SA verið undirritaðir, og giltu þeir fyrir um 92 þúsund starfsmenn.

### Fyrirtækjasamningar SA

Í byrjun september 2020 höfðu SA gert 56 fyrirtækjasamninga á grundvelli Lífskjarasamningsins. Þá var um 20 slíkum samningum ólokið. Fyrirtækjasamningar hafa sérstöðu og eiga sér mismunandi rætur sem útskýrt er í sérstöku boxi. Þeir fyrstu voru gerðir í júní 2019, tveimur mánuðum eftir undirritun Lífskjarasamningsins, og flestir voru gerðir í desember 2019. Alls voru um 5.900 manns á kjörskrá þeirra fyrirtækjasamninga sem SA hafa gert. Viðræður um endurnýjun fyrirtækjasamninga aðildarfyrirtækja SA hafa staðið yfir í eitt og hálf ár frá gerð hinna stefnumótandi samninga og er enn ekki séð fyrir endann á þeim.

#### Mynd 2.13 Fyrirtækjasamningar SA

Fjöldi samninga eftir mánuðum



Heimild: Kjaratölfræðinefnd

## SA og félög utan ASÍ

SA hafa gert 5 almenna samninga við stéttarfélög utan ASÍ (stærst eru SSF, STF og BÍ) og er tveimur slíkum ólokið. Tveir samninganna voru gerðir í maí 2019, einn í júní, einn í september og einn í mars 2020. Alls voru um 7.700 manns á kjörskrá í þessum samningum.

## Sveitarfélög og Reykjavíkurborg

Samband sveitarfélaga gerði samninga við þrjú félög iðnaðarmanna í desember 2019 og í janúar 2020 var gerður samningur við 19 félög innan Starfsgreinasambandsins. Á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um þessa samninga voru 3.700 manns. Efling stéttarfélag og SNS gerðu samninga 11. maí 2020 og voru 1.200 manns á kjörskrá.

Á tímabilinu mars til júní 2020 gerði Sambandið 19 samninga við félög innan BSRB (þar af voru sjö félög í samfloti) og voru tæplega 7.000 manns á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um samningana.

Á tímabilinu maí til júlí 2020 gerði Sambandið samninga við 12 félög innan BHM með rúmlega 1.800 manns á kjörskrá. Í júlí 2020 gerðu Sambandið og Reykjavíkurborg síðan samninga við þrjú aðildarfélög KÍ þar sem um 2.800 manns voru á kjörskrá.

Þá gerði Sambandið fimm samninga við stéttarfélög utan sambanda með 164 á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um samningana.

Sambandið hefur þannig gert 62 kjarasamninga í yfirstandandi samningalotu og var þremur samningum enn ólokið í byrjun september 2020.

Reykjavíkurborg gerði tvo samninga við iðnaðarmannafélög innan ASÍ í janúar 2020 og samning við Eflingu í mars. Alls voru 1.900 manns voru á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um samningana.

Í mars 2020 gerði Reykjavíkurborg kjarasamning við Sameyki og síðan við Sjúkraliðafélagið í apríl. Í þessum tveimur samningum BSRB félaga voru um 4.900 manns á kjörskrá. Í júní til júlí gerði Reykjavíkurborg samninga við tíu aðildarfélög BHM með tæplega 800 manns á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um samningana.

Á tímabilinu mars til júní 2020 gerði Reykjavíkurborg þrjá samninga við stéttarfélög utan heildarsamtaka. Alls voru 54 á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um þessa samninga. Reykjavíkurborg átti enn ólokið samningum við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga í byrjun september 2020.

## Samninganefnd ríkisins

Samninganefnd ríkisins (SNR) gerði fjóra kjarasamninga við sambönd innan ASÍ í janúar og mars 2020. Samtals voru 1.600 manns á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um samningana.

Í október 2019 gerði SNR fjóra samninga við aðildarfélög BHM, tvo í desember 2019 og tvo á tímabilinu janúar til febrúar 2020. Á kjörskrá um þessa átta samninga voru samtals 4.000 manns. Í mars 2020 gerði SNR kjarasamninga við átta aðildarfélög BSRB, tvo í apríl og einn í júní. Um 12 samninga var að ræða og voru alls um 8.000 manns á kjörskrá vegna þeirra. Á tímabilinu apríl til júní lauk samningum við aðildarfélög BHM með gerð 12 samninga með 2.600 manns á kjörskrá.

Í apríl 2020 gerði SNR kjarasamning við tvö aðildarfélög KÍ. Á kjörskrá voru tæplega 1.500 manns.


Í janúar 2020 gerði SNR samning við eitt stéttarfélag utan sambanda og eitt í febrúar. Í apríl voru gerðir tveir samningar við félög utan sambanda og var annar þeirra felldur. Í maí voru gerðir fimm samningar og tveir í júní. Alls voru þetta því 10 samþykktir samningar og voru um 3.400 manns á kjörskrá í þeim. SNR á enn ólokið sex samningum við félög utan sambanda.

## Opinberi vinnumarkaðurinn mun seinna á ferðinni

Samningalotan á opinbera vinnumarkaðnum hefur tekið mun lengri tíma en á þeim almenna. Reyndar runnu samningar margra opinberra stéttarféлага út síðar en á almennum vinnumarkaði. Samningsgerð á opinberum vinnumarkaði tók samt mun lengri tíma í þessari lotu en á þeim almenna. Í september-byrjun áttu ríki og sveitarfélög enn ólokið endurnýjun 10% kjarasamninga.

### Mynd 2.14 Tímaferill kjarasamninga í samningalotunni 2019-2020

Fjöldi kjarasamninga á almennum og opinberum vinnumarkaði eftir mánuðum



Heimild: Kjaratölfræðinefnd



Box 2.1.

## Fyrirtækjasamningar SA

Fyrirtækjasamningar (kjarasamningur stéttarfélags við eitt fyrirtæki) sem SA gera eiga í aðalatriðum tvenns konar uppruna. Í fyrsta lagi hefur almennt verið þörf innan fyrirtækja fyrir vinnufyrirkomulag, einkum vaktavinnu, sem ekki hefur verið heimild fyrir í þeim kjarasamningi sem gilt hefur fyrir viðkomandi atvinnustarfsemi. Af þeim sökum hefur verið gerður kjarasamningur um vinnufyrirkomulagið og önnur kjaramál og hafa þessir samningar oft þróast í þá veru að vera jafn viðamiklir og kjarasamningar sem gilda almennt fyrir þúsundir fyrirtækja. Mikill tími fer þ.a.l. í gerð hvers og eins. Seinni tegundin af fyrirtækjasamningum á rót sína að rekja til fyrrverandi ríkisfyrirtækja sem voru með kjarasamninga við félög innan BRSB og BHM og hafa haldið áfram á almennum vinnumarkaði sem opinber hlutafélög.

Fyrirtækjasamningar sem SA hafa gert í yfirstandandi samningalotu fyrir hönd aðildarfyrirtækja sinna eru samtals 56, en allmörgum er enn ólokið. Um helmingur þessara fyrirtækja eru fyrrverandi ríkisfyrirtæki sem nú eru rekin sem opinber hlutafélög.

Flokkun eftir atvinnugreinum leiðir í ljós að flestir samningarnir eru milli einstakra stéttarfélaga og viðkomandi veitufyrirtækja, þ.e. Landsvirkjunar, Landsnets, OR, HS Orku, RARIK, Norðurorku og Orkubús Vestfjarða, samtals 24. Þar á eftir koma samningar milli stéttarfélaga flugstéttanna og Icelandair og Air Iceland Connect ásamt samningum milli Isavia og stéttarfélaga, samtals 13. Fjarskiptafyrirtækin eru með 10 kjarasamninga og er RÚV ohf. með flesta þeirra.

Vinnustaðasamningar (sameiginlegur kjarasamningur eins eða fleiri stéttarfélaga og eins fyrirtækis um störf á einum vinnustað), sem samkvæmt vinnulöggjöfinni eru gerðir milli fyrirtækis og samflots stéttarfélaga, eru aðeins fimm. Þeir eru eingöngu við lýði í orkufrekum iðnaði, þ.e. hjá ISAL, Alcoa-Fjarðaáli, Norðuráli, Elkem og Steinullarverksmiðjunni. Önnur orkufrek iðnfyrirtæki, s.s. Becromal og Þörungaverksmiðjan eru með kjarasamninga við eitt stéttarfélag.

Mörg stéttarfélög eru með svokallaða sérkjarasamninga (kjarasamningur eins eða fleiri stéttarfélaga við eitt eða fleiri fyrirtæki um tiltekin sérkjör) m.a. fyrir fiskimjölsverksmiðjur. Þeir geta verið hluti aðalkjarasamninga með sérstakri tilvísun til þeirra en einnig staðið sjálfstætt með sérstakan samningsrétt og verkfallsrétt og annan gildistíma en aðalkjarasamningur þó þeir vísi um kjör að öðru leyti til aðalkjarasamnings.

| Flokkun fyrirtækjasamninga SA |        |
|-------------------------------|--------|
| Atvinnugrein                  | Fjöldi |
| Veitur                        | 24     |
| Flug og flugumsjón            | 13     |
| Fjarskipti                    | 10     |
| Orkufrekar iðnaður            | 10     |
| Ferjur og bátar               | 6      |
| Kaupskip                      | 4      |
| Leikhús                       | 4      |
| Fiskimjölsverksmiðjur         | 3      |
| Skólar                        | 2      |
| Samtals                       | 76     |

## 3 Kjarasamningar í yfirstandandi kjaralotu

Í kaflanum verður gerð grein fyrir kjarasamningum aðildarfélaga heildarsamtaka launafólks og fjallað um styttingu vinnuvikunnar og lengingu orlofs á opinberum vinnumarkaði.

Fyrri samningstímabil var frá maí 2015 til ársloka 2018. Samkvæmt launavísitölu Hagstofunnar, sem mælir laun á greidda stund, hækkuðu laun að jafnaði um tæplega 35% frá ársbyrjun 2015 til ársloka 2018, eða um tæplega 7,7% á ári að jafnaði.

### 3.1. Kjarasamningar aðildarfélaga ASÍ

Aðildarfélög ASÍ gera kjarasamninga við Samtök atvinnulífsins, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, ríkið sem og ýmis fyrirtæki, sjálfseignarstofnanir og félagasamtök. Kjarasamningar aðildarfélaga ASÍ á almennum vinnumarkaði runnu almennt út 31. desember 2018 og voru flestir endurnýjaðir á tímabilinu apríl til júní 2019. Kjarasamningur Sjómannasambands Íslands og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og SA rann út 1. desember 2019 og hefur ekki verið endurnýjaður. Kjarasamningar aðildarfélaga ASÍ við ríki, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg runnu út 31. mars 2019 og voru flestir endurnýjaðir á tímabilinu janúar til maí 2020.

#### **Kjarasamningur aðildarfélaga ASÍ og SA - Lífskjarasamningurinn**

Fyrsti kjarasamningurinn í yfirstandandi lotu var undirritaður milli SA og stéttarfélaga verslunar-, skrifstofu- og verkafólks innan ASÍ þann 3. apríl 2019 að undangengnum tímabundnum verkföllum Eflingar í veitinga- og gistihúsum og VR hjá hópbifreiðafyrirtækjum. Samningurinn hefur verið nefndur Lífskjarasamningurinn og er gildistími hans 1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022. Launaliður Lífskjarasamningsins kveður á um að lægstu laun hækki hlutfallslega mest þar sem kauptaxtar og samningsbundin laun hækka um tiltekna krónutölur á samningstímanum.

Tafla 3.1. **Hækkun mánaðarlauna**

|                | Kauptaxtar    | Almenn hækkun |
|----------------|---------------|---------------|
| 1. apríl 2019  | <b>17.000</b> | <b>17.000</b> |
| 1. apríl 2020  | <b>24.000</b> | <b>18.000</b> |
| 1. janúar 2021 | <b>24.000</b> | <b>15.750</b> |
| 1. janúar 2022 | <b>25.000</b> | <b>17.250</b> |

Mat á kostnaðarhækkunum vegna samningsins er flókið eins og gildir jafnan um krónutölusamninga. Samkvæmt mati SA, á grundvelli gagna frá Hagstofunni um launadreifingu, hækka laun á almennum vinnumarkaði að jafnaði um 16% vegna breytinga á kaupliðum samningsins, eða um 4% að jafnaði á árabílinu 2019-2022, en lægstu launataxtar hækka um allt að 34% á samningstímanum. Seðlabanki Íslands lagði áþekkt mat á samninginn.

Í samningnum er ákvæði um svokallaðan hagvaxtarauka sem er útfærður þannig að vaxi verg landsframleiðsla á mann umfram 1% að raunvirði á árunum 2019-2022 greiðist stigvaxandi launaauki á formi viðbótar krónutöluhækkana á mánaðarlaun og kaup-taxta sem komi til framkvæmda 1. maí árin 2020-2023.

Samningurinn felur einnig í sér svonefnda kaup-taxtatryggingu sem er útfærð þannig að hækki launavísitala fyrir almennan vinnumarkað meira en hæsti virki launaflokkur Starfsgreinasambandsins (17. lfl.) á tilteknum tímabilum skulu allir kaup-taxtar hækka um ákveðna krónutölu sem launa- og forsendunefnd, sem starfar samkvæmt samningnum, úrskurðar um.

### **Markmið og forsendur Lífskjarasamningsins**

Meginmarkmið Lífskjarasamningsins er að stuðla að lágri verðbólgu, standa vörð um kaupmátt launa og skapa þannig forsendur fyrir vaxta-lækkun og lægri vöxtum til frambúðar.

Forsendur samningsins eru eftirfarandi:

1. Kaupmáttur launa hafi aukist á samningstímabilinu samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands.
2. Vextir lækki verulega fram að endurskoðun samningsins í september 2020 og haldist lágir út samningstímann.
3. Stjórnvöld standi við gefin fyrirheit samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um stuðning við Lífskjarasamninginn.

Launa- og forsendunefnd, sem skipuð er þremur fulltrúum frá SA og þremur sameiginlegum fulltrúum þeirra stéttarfélaganna sem aðild eiga að samningnum skal, fyrir lok septembermánaða 2020 og 2021, meta hvort ofangreindar forsendur hafi staðist. Fari svo að þær standist ekki skulu samningsaðilar leita leiða til þess að markmið samningsins nái fram að ganga svo hann haldi áfram gildi sínu. Náist ekki samkomulag skal sá aðili sem vill ekki að samningur haldi gildi sínu tilkynna það fyrir 30. september 2020 eða fyrir 30. september 2021 og losnar samningurinn þá þann 1. október sama ár.

### **Yfirlýsing stjórnvalda í tengslum við Lífskjarasamninginn**

Stjórnvöld birtu yfirlýsingu um [aðgerðir til stuðnings lífskjarasamningunum](#) í 38 liðum þar sem fjallað er um breytingar á tekjuskattkerfinu og lækkun tekjuskatta, lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði, hækkun barnabóta, aukin framlög til húsnæðismála, uppbyggingu félagslegs húsnæðis, lífeyrismál, félagsleg undirboð, hagstjórn og einföldun regluverks og eftirlits. Þá fylgdi einnig yfirlýsing [um markviss skref til afnáms verðtryggingar](#).

### **Kjarasamningar félaga iðnaðarmanna og SA frá 2. maí 2019**

Sex félög iðnaðarmanna og sambanda innan ASÍ (FHS, Grafía, Matvís, RSÍ, Samiðn og Félag vélstjóra og málmtæknimanna (VM)) undirrituðu kjarasamning við SA þann 2. maí 2019. Launahækkanir iðnaðarmanna byggja á grunni Lífskjarasamningsins frá 3. apríl 2019. Frávik felast einkum í einföldun launataflna og upptöku tvískipts yfirvinnuálags eftir fjölda yfirvinnustunda á launatímabili.

### **Stytting vinnutíma aðildarfélaganna ASÍ**

Breytingar voru gerðar á ákvæðum um vikulegan vinnutíma í kjarasamningum aðildarfélaganna ASÍ og SA og er fjallað nánar um þær breytingar í sérstöku boxi um styttingu vinnutíma.

### **Kjarasamningar aðildarfélaganna ASÍ og samninganefndar ríkisins (SNR)**

Kjarasamningar aðildarfélaganna ASÍ og ríkisins runnu út þann 31. mars 2019 og voru ekki endurnýjaðir fyrr en ári síðar eða á tímabilinu mars - maí 2020. Gildistími nýrra samninga er frá 1. apríl 2019 - 31. mars 2023. [Starfsgreinasamband Íslands gerir kjarasamning við ríkið](#) fyrir hönd 18 aðildarfélaganna sinna og [Efling, stéttarfélag semur beint við ríkið](#) fyrir hönd sinna félagsmanna. Þá semja [Rafiðnaðarsamband Íslands](#) og [Samiðn](#)

við ríkið fyrir hönd aðildarféлага sinna en samningum ríkisins við VM og Matvís er enn ólokið. Þá eru til viðbótar gerðir stofnanasamningar við fjölda ríkisstofnana sem eru hluti af miðlægum kjarasamningi.

Launahækkanir í samningum Starfsgreinasambandsins og Eflingar við ríkið eru í samræmi við taxtahækkanir Lífskjarasamningsins fyrir allra lægstu launaflokka en fylgja að öðru leyti almennum krónutöluhækkunum samningsins. Launahækkanir í samningum iðnaðarmanna eru í samræmi við almennar hækkanir Lífskjarasamningsins.

Í kjarasamningunum við ríkið var einnig samið um styttingu vinnuvikunnar í allt að 36 stundir, tvískipt yfirvinnuálag, breytingar á vinnufyrirkomulagi og launamyndunarkerfi vaktavinnufólks og 30 orlofsdaga á ári fyrir alla, óháð aldri. Nánar er fjallað um breytingar á vinnutíma í sérstöku boxi.

### **Samningsforsendur**

Í samningum aðildarféлага ASÍ og ríkisins eru fyrirvarar um að komi til þess að samkomulag náist á almennum vinnumarkaði um breytingar á kjarasamningum þeirra skulu aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningum aðila. Verði kjarasamningum á almennum vinnumarkaði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis er hvorum samningsaðila heimilt að segja upp samningum með þriggja mánaða fyrirvara.

### **Samningar aðildarféлага ASÍ við Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg**

Kjarasamningar aðildarféлага ASÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar runnu út þann 31. mars 2019. Samningur Starfsgreinasambandsins fyrir hönd 17 aðildarféлага sinna og Sambands íslenskra sveitarfélaga og samningur Verkalýðsfélags Akraness við Samband íslenskra sveitarfélaga voru endurnýjaðir í janúar 2020 og er gildistími frá 1. janúar 2020 til 30. september 2023. Kjarasamningur Eflingar og Reykjavíkurborgar var endurnýjaður í mars 2020 að undangengnu um mánaðarlöngu verkfalli og gildir samningurinn frá 1. apríl 2019 til 31. mars 2023. Samningur Eflingar og Sambands íslenskra sveitarfélaga, f.h. Kópavogs, Seltjarnarnesbæjar, Mosfellsbæjar, Hveragerðis og Ölfuss, var endurnýjaður í maí í kjölfarið á ríflega tveggja vikna verkfalli í mars og öðru tæplega vikulöngu verkfalli í maíbyrjun og gildir samningurinn frá 1. janúar 2020 til 31. mars 2023. Samningar Samiðnar, VM og MATVÍS og Sambands íslenskra sveitarfélaga voru endurnýjaðir um miðjan nóvember 2019 og gilda

frá 1. nóvember 2019 til 31. mars 2023. Þá voru samningar þessara sömu iðnaðarmannafélaga auk RSÍ og Reykjavíkurborgar endurnýjaðir í janúar 2020 og gilda frá 1. apríl 2019 til 31. mars 2023.

Launahækkanir í samningum aðildarfélaga ASÍ við sveitarfélögin og Reykjavíkurborg eru í samræmi við taxtahækkanir Lífskjarasamningsins en í samningum Eflingar var samið um enn frekari hækkun lægstu launa. Í kjarasamningunum var einnig samið um styttingu vinnuvikunnar í allt að 36 stundir, tvískipt yfirvinnuálag, breytingar á vinnufyrirkomulagi og launamyndunarkerfi vaktavinnufólks og 30 orlofsdaga á ári fyrir alla, óháð aldri. Nánar er fjallað um vinnutímabreytingar í sérstöku boxi. Þá var í samningum við Samband íslenskra sveitarfélaga samið um 1,5% framlag í nýja félagsmanna- eða námssjóði. Þetta framlag kom til vegna efnda á ákvæðum sem rekja má til rammisamkomulags heildarsamtakanna haustið 2015. Í samningum SGS og Eflingar og Sambands íslenskra sveitarfélaga er auk þess kveðið á um greiðslu hagvaxtarauka sem komi til greiðslu í samræmi við ákvæði Lífskjarasamnings aðildarfélaga ASÍ og SA.

### **Samningsforsendur**

Í samningum SGS og Eflingar og sveitarfélaganna eru forsendur um að komi til þess að samkomulag náist á almennum vinnumarkaði um breytingar á kjarasamningum þeirra skuli aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningum aðila. Náist ekki samkomulag er heimilt að segja samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara. Verði kjarasamningum á almennum vinnumarkaði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis er hvorum samningsaðila um sig heimilt að segja upp samningnum með þriggja mánaða fyrirvara. Engin slík forsenduákvæði er að finna í samningum iðnaðarmannafélaga innan ASÍ við sveitarfélögin. Í samningum SGS og Eflingar við Reykjavíkurborg eru forsendur um að verði breytingar á kjarasamningum á almennum vinnumarkaði, s.s. vegna hagvaxtarauka, skuli aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningum aðila. Verði kjarasamningum á almennum vinnumarkaði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis er heimilt að segja samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

## Launþróunartrygging

Í samningum aðildarfélaga ASÍ á opinbera vinnumarkaðnum er stefnt að upptöku launþróunartryggingar milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins með sama hætti og í samningum innan BSRB og BHM. Hlutverk hennar er að tryggja svipaða launþróun hjá opinberum starfsmönnum og starfsmönnum á almennum vinnumarkaði.

## Aðrir kjarasamningar aðildarfélaga ASÍ

Mörg aðildarfélög ASÍ gera kjarasamninga við ýmis fyrirtæki, opinber hlutafélög eða fyrirtæki í meirihlutaeigu opinberra aðila, Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, sjálfseignarstofnanir og félagasamtök. Flestir þessara kjarasamninga taka mið af aðalkjarasamningum félaganna, en gildistími er mismunandi.

### 3.2. Kjarasamningar aðildarfélaga BSRB

Aðildarfélög BSRB gera kjarasamninga við ríki, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, opinber hlutafélög sem og ýmis fyrirtæki, sjálfseignarstofnanir og félagasamtök. Flestir kjarasamningar aðildarfélaga BSRB við ríki og sveitarfélög voru undirritaðir aðfaranótt 9. mars 2020 og þar með tókst að afstýra verkfalli sem var við það að hefjast hjá öllum félögum BSRB með verkfallsrétt og lausa kjarasamninga. Í ágúst 2020 var þó enn ólokið samningum Landssambands lögreglumanna og ríkisins og Sameykis og Sjúkraliðafélags Íslands og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

### Kjarasamningar aðildarfélaga BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar

Kjarasamningar flestra aðildarfélaga BSRB og Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga runnu út 31. mars 2019 og voru ekki endurnýjaðir fyrr en um ári síðar í mars 2020. Gildistími samninga aðildarfélaga BSRB og Reykjavíkurborgar er 1. apríl 2019 til 31. mars 2023 og Sambandsins 1. janúar 2020 til 31. mars 2023, með sérstökum eingreiðslum vegna launabreytinga á tímabilinu frá 1. apríl 2019 til 31. desember 2019.

Launahækkarnir samkvæmt þessum samningum eru í samræmi við taxa-hækkarnir Lífskjarasamningsins. Gerðar voru breytingar á yfirvinnuákvæðum og greiðist yfirvinna með tímakaupi sem skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2. Gildistími og útfærsla nýrra ákvæða getur verið breytileg milli kjarasamninga aðildarfélaga BSRB.



Í kjarasamningunum var einnig samið um styttingu vinnuvikunnar í allt að 36 stundir og 30 orlofsdaga á ári fyrir alla, óháð aldri. Nánar er fjallað um þær breytingar í sérstöku boxi um styttingu vinnutíma.

### **Kjarasamningar aðildarfélaga BSRB og ríkis**

Kjarasamningar flestra aðildarfélaga BSRB við ríkið runnu út 31. mars 2019 og voru ekki endurnýjaðir fyrr en um ári síðar, eða í mars 2020. Gildistími þeirra er frá 1. apríl 2019 til 31. mars 2023. Launahækkunarir eru í samræmi við taxtahækkunarir Lífskjarasamningsins fyrir allra lögstu launaflokka en fylgja að öðru leyti almennum launahækkunum hans. Yfirvinnuákvæðum var breytt á svipaðan hátt og í kjarasamningum aðildarfélaga BSRB og sveitarfélaga.

Aðildarfélög BSRB gera miðlæga samninga við ríkið og síðan er samið um frekari útfærslu í sérstökum stofnanasamningum.

Í kjarasamningunum var einnig samið um styttingu vinnuvikunnar í allt að 36 stundir og 30 orlofsdaga á ári fyrir alla, óháð aldri. Nánar er fjallað um þær breytingar í sérstöku boxi um styttingu vinnutíma.

### **Aðrir kjarasamningar aðildarfélaga BSRB**

Sum aðildarfélög BSRB gera kjarasamninga við opinber hlutafélög og fyrirtæki í meirihlutaeigu opinberra aðila, Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, sjálfseignastofnanir og félagasamtök. Flestir þessara kjarasamninga taka mið af samningum BSRB og hins opinbera, en gildistími er mismunandi.

### **Launþróunartrygging**

Stefnt er að upptöku launþróunartryggingar milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins með aðild BSRB. Hlutverk hennar er að tryggja svipaða launþróun hjá opinberum starfsmönnum og á almennum vinnumarkaði, þannig að opinberir starfsmenn haldi í við almenna launþróun.

### **Samningsforsendur**

Í kjarasamningum aðildarfélaga BSRB eru samhljóða samningsforsendur um að ef „samkomulag náist á almennum vinnumarkaði um breytingu á kjarasamningum þeirra svo sem vegna hagvaxtarauka, skulu aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningum aðila. Verði kjarasamningum á almennum vinnumarkaði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma

samnings þessa er hvorum samningsaðila heimilt að segja samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót”.

### **Yfirlýsing ríkisstjórnar í tengslum við gerð kjarasamninga aðildarfélaga BSRB 9. mars 2020**

Stjórnvöld birtu yfirlýsingu í tengslum við gerð kjarasamninga aðildarfélaga BSRB um að setja af stað vinnu við ákveðin verkefni í samræmi við áherslur sem fram komu við kjarasamningsgerðina. Um tvö verkefni er að ræða, þ.e. heildarendurskoðun á opinberum stuðningskerfum við barnafjölskyldur á Íslandi og endurmat á störfum kvenna með tillögum að aðgerðum til að útrýma launamun sem stafar af kynskiptum vinnumarkaði.

### **3.3. Kjarasamningar BHM**

Aðildarfélög BHM gera kjarasamninga á þrenns konar vettvangi, þ.e. vegna félagsmanna sem starfa hjá ríki, sveitarfélögum og á almennum vinnumarkaði. Því til viðbótar eru gerðir nokkrir kjarasamningar við sjálfseignarstofnanir og hálfopinber fyrirtæki .

Kjarasamningar aðildarfélaga BHM byggja á Lífskjarasamningnum og er hækkun launaliða í samræmi við hann.

### **Samningar BHM og ríkis**

Kjarasamningar BHM og samninganefndar ríkisins eru tvískiptir, þ.e. miðlægir samningar og stofnanasamningar.

Kjarasamningar aðildarfélaga BHM og ríkis runnu út 31. mars 2019. Samningar voru endurnýjaðir á tímabilinu 20. október 2019 til 5. júní 2020 en þorri þeirra var undirritaður í byrjun apríl 2020 með gildistíma til 31. mars 2023. Félag geislafræðinga á enn ósamið, en það felldi samning í apríl 2020. Þrjú önnur félög felldu einnig samninga. Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins felldi í nóvember 2019 en samþykkti eftir breytingar í febrúar 2020, Félag lífeindafræðinga felldi í apríl 2020 en samþykkti eftir breytingar í júní sama ár. Þá felldi Félag íslenskra náttúrufræðinga samning í apríl 2020, en ágreiningur skapaðist í framhaldi milli samningsaðila um réttmæti niðurstöðunnar. Málið fór fyrir Félagsdóm sem úrskurðaði í júní 2020 að samningurinn teldist samþykktur.

Á samningstímanum bætast fimm nýir launaflokkar við launatöflur í nokkrum skrefum. Sú framkvæmd hafði ekki áhrif á forsendur launaröðunar í gildandi stofnanasamningum og leiddi ekki til kostnaðarauka. Jafnframt er kveðið á um að lægstu mánaðarlaun hækki í áföngum í 500.000 kr. fram til 1. janúar 2022.

Yfirvinnuákvæðum var breytt þannig að yfirvinna verður greidd með tímakaupi sem skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2. Hærri yfirvinnutaxti er greiddur fyrir vinnu umfram 40 stundir á viku. Markmið tvískiptingar yfirvinnutaxta er að draga úr hvötum til yfirvinnu og kostnaði.

### **Samningar BHM og Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Kjarasamningar aðildarfélaga BHM og Reykjavíkurborgar annars vegar og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar runnu út 31. mars 2019. Samningarnir voru gerðir á tímabilinu 8. maí til 1. júlí 2020. Gildistími þeirra er til 31. mars 2023, nema fyrir Félag íslenskra félagsvísindamanna, Fræðagarð, Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga og Stéttarfélag lögfræðinga við Samband íslenskra sveitarfélaga þar sem gildistími er til 31. mars 2021. Eitt félag, Félagsráðgjafafélag Íslands, felldi kjarasamning við Reykjavíkurborg, en hann var samþykktur eftir breytingar í júlí 2020.

Yfirvinnuákvæðum var breytt með hliðstæðum hætti og í kjarasamningum aðildarfélaga BHM og ríkisins.

### **Launaþróunartrygging og orlofstaka**

Stefnt er að upptöku launaþróunartryggingar milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins með aðild BHM. Hlutverk hennar er að tryggja að launaþróun sé að jafnaði sambærileg hjá opinberum starfsmönnum og á almennum vinnumarkaði.

Þá var gerð sú breyting á kjarasamningum BHM, ríkis og Reykjavíkurborgar að sé hluti orlofs tekinn utan sumarorlofstímabils, að beiðni yfirmanns, lengist hann um 25%. Áður var lenging þessi óháð beiðni yfirmanns. Hjá sveitarfélögum breyttist þetta ákvæði þannig að í stað þess að fá 33% lengingu er lengingin nú 25%, líkt og í kjarasamningum við ríkið.

## **Aðrir samningsaðilar**

Á almennum vinnumarkaði er í gildi aðalkjarasamningur milli SA og 20 aðildarfélaga BHM. Samningurinn er ótímabundinn, án launaflokka og ákvæða um launabreytingar, og gildir frá október 2017. BHM getur óskað eftir viðræðum um endurskoðun kjarasamningsins verði gerðar almennar breytingar á réttindum launafólks á almennum vinnumarkaði.

Nokkur stéttarfélög innan BHM gera kjarasamninga við opinber fyrirtæki, s.s. Orkuveitu Reykjavíkur, RARIK ohf. og RÚV ohf. Þá gera aðildarfélög BHM kjarasamninga við sjálfseignarstofnanir. Flestir þeirra runnu út 31. mars 2019. Gildistími þeirra er almennt til 31. mars 2023, en nokkrum samningum er enn ólokið. Innihald þessa samninga er í grunninn það sama og kjarasamninga BHM við hið opinbera eða samið er um á almennum vinnumarkaði.

## **3.4. Kjarasamningar KÍ**

Aðildarfélög KÍ gera kjarasamning við ríkið vegna framhaldsskóla og fimm kjarasamninga við Samband íslenskra sveitarfélaga vegna kennara og stjórnenda í leik-, grunn- og tónlistarskólum. Auk þess eru gerðir fjórir samningar við einkarekna framhaldsskóla og þrír við einkarekna leikskóla.

### **Kjarasamningur KÍ og ríkis**

Fyrri kjarasamningur rann út 31. mars 2019 en nýr var undirritaður 17. apríl 2020 með gildistíma til 31. desember 2020. Í honum er gert ráð fyrir sambærilegum launahækkunum og samið var um á almennum vinnumarkaði. Samið var um nýjan staðlaðan orlofskafla, breytingar á greinum tengdum vinnumati og hlutverki sáttanefnda.

### **Kjarasamningar KÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Kjarasamningar KÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga voru ýmist lausir frá lokum júní eða júlí 2019. Samningar vegna leikskólakennara og stjórnenda í grunn- og leikskólum voru endurnýjaðir 10. júlí 2020. Gildistími þeirra er til 31. desember 2021. Kjarasamningar grunnskólakennara og kennara og stjórnenda í tónlistarskólum hafa enn ekki verið endurnýjaðir í byrjun septembermánaðar. Í samningum sem hafa verið framlengdir er gert ráð fyrir sambærilegum launahækkunum og samið var um á almennum markaði. Auk þess

verður undirbúningstími leikskólakennara vegna kennslu aukinn og tekið að hluta tillit til kennslureynslu stjórnenda í grunn- og leikskólum þegar starfsreynsla þeirra er metin.

### **Kjarasamningar KÍ og einkarekinna skóla**

Í kjarasamningum KÍ og einkarekinna framhaldsskóla eru tilvísanir í kjarasamninga aðildarfélaga KÍ og ríkisins og með sambærilegum hætti er vísað í samning við Samband Íslenskra sveitarfélaga í kjarasamningum við einkarekna leikskóla. Í lok júlí 2020 var lokið þremur samningum (af fjórum) við einkarekna framhaldsskóla en ólokið var kjarasamningum við einkarekna leikskóla.

### **3.5. Jöfnun launa milli vinnumarkaða**

Með samkomulagi um breytingar á skipan lífeyrismála dags. 19. september 2016, milli ríkis, Reykjavíkurborgar og sveitarfélaga annars vegar og BSRB, BHM og KÍ hins vegar var samið um að jafna laun einstakra hópa milli almenns og opinbers vinnumarkaðar. Í því skyni var skipaður sérstakur samráðshópur í júní 2018 og er honum m.a. ætlað að skilgreina hlutlæg viðmið um hvenær beri að leiðrétta launamun einstakra hópa og setja fram tillögur að áætlun um hvernig markmiðum um jöfnun launa skuli náð með útfærslu í kjarasamningum á 6 – 10 árum frá samkomulaginu.

## Box 3.1

## Stytting vinnuvikunnar og lenging orlofs

Í kjarasamningum 19 aðildarféлага Starfsgreinasambandsins og SA (Lífskjarasamningnum) var ákvæðum um styttingu vinnutíma bætt við fyrirtækjakafla samninganna. Þar er kveðið á um heimild til upptöku virks vinnutíma (u.þ.b. 3 klst. kaffitímar á viku ekki taldir til vinnutíma), 36 stunda á viku, samhliða niðurfellingu formlegra kaffitíma og upptöku sveigjanlegra hvíldarhléa á grundvelli samkomulags starfsmanna og stjórnenda fyrirtækja.

Í kjarasamningum VR og Landssambands íslenskra verslunarmanna og SA (Lífskjarasamningnum) var vinnuvikan stytta um 45 mínútur á viku frá 1. janúar 2020. Stytting skal útfærð með samkomulagi á vinnustað en án samkomulags styttest daglegur vinnutími um 9 mínútur miðað við fullt starf. Að öðru leyti eru ákvæði um vinnutíma óbreytt, þar með taldir greiddir kaffitímar.

Í kjarasamningum Samiðnar, Félags hársnyrtisveina (FHS), Grafíu, VM, Matvís og RSÍ, sem gerður var í maí 2019, var ákvæðum um styttingu vinnutíma bætt við fyrirtækjapátt samninganna. Þar er kveðið á um heimild til viðræðna um styttingu vinnutíma í 36 virkar vinnustundir á viku frá 1. apríl 2020 samhliða niðurfellingu kaffitíma. Náist slíkt samkomulag hækkar dagvinnutímakaup um 2,56%. Hafi ekki verið gert sam-

komulag um styttingu vinnutíma þann 1. janúar 2022 geta starfsmenn einhliða kosið um upptöku á 36 stunda og 15 mínútna virkum vinnutíma á viku.

### Opinberi vinnumarkaðurinn

Í aðdraganda kjarasamninga á opinberum vinnumarkaði náðist samkomulag milli ASÍ, BSRB, BHM, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar og ríkis viðsemjenda um breytingar á vinnutíma dagvinnufólks og vinnufyrirkomulagi og launamyndunarkerfi vaktavinnufólks sem voru hluti samninganna í sérstökum fylgiskjölum.

Með samkomulagi um aðlögun vinnutíma að þörfum stofnunar og starfsfólks er heimilt að stytta viðveru í allt að 36 vinnustundir á viku samhliða því að starfsmenn gefi eftir forræði á kaffi- og matartímum. Lágmarksstytting er 13 mínútur á dag og verður sú leið farin á þeim vinnustöðum þar sem samkomulag næst ekki um gagnkvæman ávinning. Breytingarnar taka gildi eigi síðar en 1. janúar 2021.

Forsendur breytinga á vinnutíma dagvinnufólks eru að þær leiði ekki til aukins launakostnaðar stofnana né rýri gæði opinberrar þjónustu. Þannig þurfa stjórnendur og starfsfólk stofnana að breyta starfsaðferðum og skipulagi til

Þess að geta breytt vinnutímanum. Fyrir lok samningstímans leggja samningsaðilar sameiginlegt mat á áhrif breytinganna.

### **Eftirsóknarverðara**

#### **starfsumhverfi vaktavinnufólks**

Í þeim kjarasamningum á opinberum markaði sem hafa að geyma ákvæði um skipulag og umbun fyrir vaktavinnu snýst markmið breytinganna einnig um gagnkvæman ávinning samningsaðila og samþættingu vinnu og einkalífs, auk þess sem öryggi starfsfólks og þjónustuþega var leiðarljós breytinganna. Vinnuvika vaktavinnufólks styttist í 36 vinnustundir, en getur orðið allt að 32 stundir hjá þeim sem hafa þyngsta vaktabyrði og ganga vaktir allan sólarhringinn sjö daga vikunnar og greiðslur fyrir kaffitíma vaktavinnufólks voru afnumdar. Vonir standa til þess að með breytingunum verði vaktavinna eftirsóknarverðari, umbun starfsfólks verði betur tengd við þyngd vakta og herra starfshlutfall. Helsti ávinningur launagreiðenda felst í meiri fyrirsjáanleika í mönnun og auk þess eru væntingar um lækkun kostnaðar vegna yfirvinnu.

Fyrir lok samningstímans leggja samningsaðilar sameiginlegt mat á áhrif breytinga í vaktavinnu. Nánari upplýsingar um breytingar á vinnutíma opinberra starfsmanna má finna á vefnum: [betrivinnutimi.is](http://betrivinnutimi.is).

### **Áhrif vinnutímastyttingar á launavísitölu**

Breytingar á vinnutíma launafólks hafa almennt ekki áhrif á launavísitölu, en það geta breytingar á vinnutímaákvæðum kjarasamninga haft ef þær eru ígildi launabreytinga. Eins og fram kemur að framan eru breytingar á vinnutímaákvæðum ólíkar eftir samningum og áhrif á launavísitölu því mismunandi. Oft eru formlegir kaffitímar styttir eða lagðir niður og vinnudagurinn stuttur með þeim hætti. Verði slíkar breytingar gerðar hafa þær áhrif á launavísitölu ef vinnutími styttist umfram niðurfellingu formlegra kaffitíma. Dæmi um vinnutímastyttingu sem telst til launahækkunar er í kjarasamningum verslunarmanna. Þar á að útfæra styttinguna með samkomulagi á vinnustað en án samkomulags styttist daglegur vinnutími um 9 mínútur miðað við fullt starf. Slík vinnutímastytting kemur til hækkunar á launavísitölu þar sem færri vinnustundir eru að baki launa og því hækkar verð hverrar vinnustundar.

Hagstofa Íslands mat vinnutímastyttingu verslunarmanna og fleiri hópa um áramótin 2019-2020 til 0,6% hækkunar launavísitölu. Í maí 2020 birti Hagstofan þá niðurstöðu að af 4,8% hækkun launavísitölunnar frá áramótum væri þáttur vinnutímastyttingar 0,7%.



### **Lenging orlofs**

Orlofsákvæðum kjarasamninga á opinberum vinnumarkaði var breytt vegna laga um jafna meðferð á vinnumarkaði. Samið var um að allir starfsmenn fengju framvegis 30 daga

orlof. Gildistaka er mismunandi eftir samningsaðilum, en sumarið 2021 munu allir eiga 30 daga orlofsrétt. Hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga gildir 30 daga orlofsréttur fyrir alla frá og með sumrinu 2020.

## 4 Launþróun


### 4.1. Launavísitala Hagstofunnar

Launavísitalan byggir á söfnun launaupplýsinga frá launagreiðendum í landinu með fleiri en níu starfsmenn og endurspeglar almenna launþróun. Upplýsingum er safnað í öllum geirum atvinnulífsins (fyrirtækjum, stofnunum, ríki og sveitarfélögum) svo heildarmynd fái af launþróun. Launavísitalan er verðvísitala sem mælir breytingar á reglulegu tímakaupi, sem er regluleg laun á greidda stund. Hagstofan birtir einnig mánaðarlega sundurliðun vísitölunnar eftir vinnuörkuðum (almenni/opinberi/ríki og sveitarfélög) og eftir starfsstéttum og atvinnugreinum á almennum vinnumarkaði.

Í þessari skýrslu er fjallað um kjarasamninga og beinist kastljósið að þeim samtökum sem gegna þar meginhlutverki. Sé litið á samsetningu í gagnasafni launavísitölu fyrir árið 2019 sést að félagsmenn aðildarféлага Alþýðusambands Íslands (ASÍ) leika langstærsta hlutverkið og vega um helming í vísitölunni, félagsmenn aðildarféлага BSRB, Bandalags háskólamaþna (BHM) og Kennarasambands Íslands (KÍ) samtals um fjórðung, félagsmenn stéttarféлага utan heildarsamtaka 21% og félagsmenn utan stéttarféлага 8%. Sé eingöngu litið til almenna vinnumarkaðarins er vægi félagsmanna aðildarféлага ASÍ yfir 60% og vægi félagsmanna stéttarféлага utan heildarsamtaka 23%.


Mynd 4.1 **Alls**

Vægi heildarsamtaka



Mynd 4.2 **Almenni**

Vægi heildarsamtaka




Heimild: Hagstofa Íslands


Myndin breytist mikið þegar litið er á opinbera vinnumarkaðinn, þ.e. félagsmenn stéttarféлага sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum. Þar er vægi BHM, BSRB og KÍ mun meira. Félagsmenn aðildarféлага BHM hafa um þriðjungs vægi í launavísitölu ríkisstarfsmanna og félagsmenn aðildarféлага KÍ um 41% vægi í launavísitölu sveitarféлага. Mismunandi gildistaka launahækkana, mismiklar hlutfallslegar hækkanir launa í kjarasamningum og mismiklar hækkanir umfram kjarasamninga á þessum þremur mörkuðum (almenni, ríki og sveitarfélög) geta leitt til ólíkrar þróunar launavísitalna milli markaða.

Mynd 4.3 **Ríki**

Vægi heildarsamtaka

Mynd 4.4 **Sveitarfélög**

Vægi heildarsamtaka



Heimild: Hagstofa Íslands


Sú var til dæmis raunin í þeirri samningalotu sem enn stendur yfir. Kjarasamningar fjölmennu hópanna á opinbera vinnumarkaðnum voru gerðir mun síðar en á þeim almenna. Þannig hækkaði launavísitala á almennum vinnumarkaði um 6% frá upphafi ársins 2019 til mars 2020 en um 3,7% á þeim opinbera. Vegna áfangahækkunar á almenna vinnumarkaðnum og gildistöku kjarasamninga á þeim opinbera tóku báðar launavísitölur stökk í apríl 2020 og mun meira á þeim opinbera þannig að verulega dró úr mun launapróunar milli þessara vinnumarkaða.

Algengt er að verði mikil töf á endurnýjun kjarasamninga fylgi uppbætur vegna biðtíma. Sú var raunin í þessari samningalotu og var ýmist samið um afturvirkar hækkanir eða eingreiðslur. Aukagreiðslur af þessu tagi hafa þó ekki áhrif á launavísitölu heldur mælir hún einungis launahækkanir í þeim mánuði sem þær koma til framkvæmda hjá launagreiðendum.

Á undangengnu samningstímabili hækkaði launavísitala Hagstofunnar um 34% frá 1. ársfjórðungi 2015 til 4. ársfjórðungs 2018 og kaupmáttur launa jókst því um tæp 23%. Tímabil kaupmáttaraukningar hefur verið óvenju langt hér á landi og hafa laun tvöfaldast frá upphafi ársins 2010 fram á mitt ár 2020 og kaupmáttur aukist um tæp 50%.

### Mynd 4.5 **Launavísitala á almennum og opinberum vinnumarkaði**

Vísitala, janúar 2019=100



Heimild: Hagstofa Íslands

## 4.2 **Grunnlaunapróun í samningalotunni fyrir tímabilið mars 2019 til maí 2020**

Kjaratölfræðinefnd fékk sérvinnslur frá Hagstofu Íslands sem byggja á gögnum og aðferðum launavísitölu til þess að geta greint launapróun eftir vinnumörkuðum og heildarsamtökum stéttarféлага. Í sérvinnslunum er vinnumarkaðnum skipt í fjóra hluta: Almenni markaðurinn, ríki, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög. Heildarsamtökin eru ASÍ, BHM, BSRB og KÍ. Upplýsingar fengust einnig um félagsmenn stéttarféлага utan heildarsamtaka og um launafólk sem stendur utan stéttarféлага í launagögnum Hagstofunnar. Meginviðsemjendur stéttarfélaganna eru Samtök atvinnulífsins, Samband íslenskra sveitarféлага, Reykjavíkurborg og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkisins. Hér er gerður samanburður á þróun grunnlauna á grundvelli gagna og aðferða launavísitölunnar fyrir tímabilið frá mars 2019, í aðdraganda fyrstu kjarasamninga í lotunni, til maí 2020 sem eru nýjustu fyrirbyggjandi gögn Hagstofunnar en á þessu tímabili var lotunni að mestu lokið. Gögnin eru flokkuð eftir heildarsamtökum og vinnumörkuðum þar sem aðildarfélag þeirra hafa gert kjarasamninga. Þannig gera aðildarfélag ASÍ, BSRB og BHM kjarasamninga á öllum vinnumörkuðunum, en vægi þeirra er mjög mismunandi á hverjum þeirra.

Ekki eru birtar upplýsingar um félagsmenn aðildarféлага KÍ á almennum vinnumarkaði þar sem upplýsingar vantar um þann hóp í launagögnum Hagstofu. Niðurstöður launagreininga fyrir félagsmenn stéttarféлага utan

heildarsamtaka og starfsfólk utan stéttarféлага eru einungis birtar fyrir almennan og opinberan vinnumarkað þar sem samsetning og fjöldi leyfa ekki frekara niðurbrot fyrir þá hópa.

Umfjöllun um launapróun í samningalotunni er byggð á breytingu grunntímakaups, sem er grunnlaun á greidda stund, en það launahugtak endurspeglar best breytingar á launalið kjarasamninga. Ennfremur er fjallað um dreifingar grunnlaunahækkana horft til samningslotunnar. Þá er stutt umfjöllun um regluleg laun í maí 2020 og dreifingu þeirra auk þess sem fjallað er um samsetningu reglulegra heildarlauna. Loks er fjallað um kaupmáttarpróun. Skilgreiningar launahugtaka eru í sérstöku boxi. Tímaraðir með breytingum á grunntímakaupi og reglulegu tímakaupi fyrir tímabilið 2006 til 2020 er að finna í viðauka.


## Þróun grunnlauna félagsmanna aðildarféлага ASÍ

Á tímabilinu frá mars 2019 til maí 2020 urðu tvær launabreytingar samkvæmt Lífskjarasamningnum. Þann 1. apríl 2019 hækkuðu bæði launataxtar og almenn laun um 17.000 krónur á mánuði og 1. apríl 2020 hækkuðu launataxtar um 24.000 krónur og almenn laun um 18.000 krónur.


Samkvæmt greiningum Hagstofunnar hækkuðu grunnlaun félagsmanna aðildarféлага ASÍ á bilinu 10,5-18% á tímabilinu mars 2019 til maí 2020, mest hjá Reykjavíkurborg og minnst á almennum vinnumarkaði.

Mynd 4.6

**Breyting grunnlauna hjá félagsmönnum innan aðildarféлага ASÍ**  
Hlutfallsleg breyting mars 2019 til maí 2020



**Þróun grunnlaunabreytinga hjá félagsmönnum innan aðildarféлага ASÍ**  
Vísitala, mars 2019=100



Heimild: Hagstofa Íslands


Hækkunin var áberandi mest hjá Reykjavíkurborg og kom nær öll í einu stökki í apríl 2020 þegar grunnlaun hækkuðu um 14,8%. Hækkun grunnlauna á almennum vinnumarkaði var minni en á þeim opinbera, en jafnari yfir tímann, en á þeim síðarnefnda hækkuðu grunnlaun um 3,7% í apríl 2020. Samsetning félagsmanna í aðildarfélögum ASÍ er mismunandi á almenna og opinbera markaðnum og launastigið lægra á þeim opinbera. Þar sem Lífskjarasamningurinn er krónutölusamningur er hækkun hjá félagsmönnum aðildarfélaga ASÍ á opinberum markaði að jafnaði hlutfallslega meiri en á þeim almenna.

### Þróun grunnlauna félagsmanna aðildarfélaga BSRB


Aðildarfélög BSRB gerðu flest kjarasamninga í mars árið 2020 og hækkuðu grunnlaun hjá Reykjavíkurborg um 11% og hjá ríkinu um 7% í apríl það ár. Á tímabilinu frá mars 2019 til maí 2020 hækkuðu grunnlaun félagsmanna aðildarfélaga BSRB mest hjá Reykjavíkurborg, um 15,3%, og minnst hjá ríkinu, 9,4%.

Mynd 4.7

**Breyting grunnlauna hjá félagsmönnum innan aðildarfélaga BSRB**  
Hlutfallsleg breyting mars 2019 til maí 2020



**Þróun grunnlaunabreytinga hjá félagsmönnum innan aðildarfélaga BSRB**  
Vísitala, mars 2019=100




Heimild: Hagstofa Íslands

## Þróun grunnlauna félagsmanna aðildarfélaga BHM


Aðildarfélög BHM og Reykjavíkurborg höfðu ekki lokið samningum í maí 2020. Samkvæmt greiningum Hagstofunnar hækkuðu grunnlaun félagsmanna aðildarfélaga BHM hjá Reykjavíkurborg því aðeins um 1,5% á tímabilinu. Grunnlaun hjá öðrum sveitarfélögum hækkuðu um 8,3% á tímabilinu í nokkuð jafnri þróun frá haustinu 2019. Launabreytingar félagsmanna aðildarfélaga BHM á almennum vinnumarkaði hafa verið heldur meiri í nokkuð jafnri stígandi.

Mynd 4.8

**Breyting grunnlauna hjá félagsmönnum innan aðildarfélaga BHM**  
Hlutfallsleg breyting mars 2019 til maí 2020



**Þróun grunnlaunabreytinga hjá félagsmönnum innan aðildarfélaga BHM**  
Vísitala, mars 2019=100



Heimild: Hagstofa Íslands


## Þróun grunnauna félagsmanna aðildarfélaga KÍ

Aðildarfélög KÍ áttu enn ósamið við sveitarfélögin og Reykjavíkurborg í maí 2020 vegna kennara og stjórnenda í grunn-, leik- og tónlistarskólum og mældist því lítil grunnaunahækkun hjá þeim á tímabilinu. Grunnauna félagsmanna KÍ í framhaldsskólum hækkðu um 8,3% á tímabilinu og kom mesta hækkunin í apríl 2020, eða 5,9%.

Mynd 4.9


### Breyting grunnauna hjá félagsmönnum innan aðildarfélaga KÍ

Hlutfallsleg breyting mars 2019 til maí 2020



### Þróun grunnaunabreytinga hjá félagsmönnum innan aðildarfélaga KÍ

Vísitala, mars 2019=100



Heimild: Hagstofa Íslands



## Þróun grunnlauna félagsmanna í stéttarfélögum utan heildarsamtaka


Af félagsmönnum stéttarféлага utan heildarsamtaka á almennum vinnumarkaði veگا Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, Stéttarfélag verkfræðinga, Félag íslenskra atvinnuflugmanna og Flugvirkjafélag Íslands mest í launagögnum Hagstofunnar um 80%. Fjölmennt stéttarfélög hjá hinu opinbera sem standa utan heildarsamtaka og veگا þungt í launagögnum Hagstofunnar, s.s. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og Læknafélag Íslands, höfðu ekki endurnýjað kjarasamninga í maí 2020.

Samkvæmt greiningum Hagstofunnar hækkuðu grunnlaun félagsmanna í stéttarfélögum utan heildarsamtaka á opinberum vinnumarkaði (ríki og sveitarfélög talin saman) um 1,7% frá mars 2019 til maí 2020. Á almennum vinnumarkaði hækkaði hópurinn um 6,8%.

Mynd 4.10


### Breyting grunnlauna hjá félagsmönnum stéttarféлага utan heildarsamtaka

Hlutfallsleg breyting mars 2019 til maí 2020



### Þróun grunnlaunabreytinga hjá félagsmönnum stéttarféлага utan heildarsamtaka

Vísitala, mars 2019=100



■ Almenn ■ Opinbert

Heimild: Hagstofa Íslands


## Þróun grunnlauna hjá launafólki utan stéttarféлага

Grunnlaun starfsfólks sem stendur utan stéttarféлага hækkuðu um 7,2% á opinbera vinnumarkaðnum og um 5,7% á þeim almenna.

Mynd 4.11


### Breyting grunnlauna hjá launafólki utan stéttarféлага

Hlutfallsleg breyting mars 2019 til maí 2020



### Þróun grunnlaunabreytinga hjá launafólki utan stéttarféлага

Vísitala, mars 2019=100



— Almenni — Opinberi

Heimild: Hagstofa Íslands


Meðal hópa opinberra starfsmanna sem standa utan stéttarféлага má nefna stundakennara í háskólum og embættismenn sem ekki hafa samningsrétt, svo sem dómara, presta, ráðherra og yfirstjórn Reykjavíkurborgar. Á almennum vinnumarkaði eru það helst stjórnendur sem standa utan stéttarféлага.

## Þróun grunnlauna – heildarmyndin

Eitt meginmarkmið Lífskjarasamningsins er að stuðla að hlutfallslega meiri hækkun lægri launa með krónutölusamningum. Samkvæmt greiningum Hagstofunnar hafa grunnlaun félagsmanna aðildarféлага ASÍ og BSRB hækkað hlutfallslega meira en annarra hópa á tímabilinu mars 2019 til maí 2020 sem bendir til þess að þetta markmið hafi gengið eftir. Á myndinni að neðan eru einungis sýndir hópar sem höfðu gert kjarasamninga í maí 2020.

### Mynd 4.12 Breyting grunnlauna hjá þeim hópum sem sömdu á tímabilinu mars 2019 til maí 2020

Hlutfallsleg breyting frá mars 2019 til maí 2020




### 4.3 Dreifing grunnlaunahækkana milli mars 2019 og maí 2020

Hækkanir grunnlauna dreifðust með mismunandi hætti innan heildarsamtaka þegar horft er til hækkana milli mars 2019 og maí 2020. Í fyrsta lagi vegna þess að sum aðildarfélög samtakanna, sérstaklega innan KÍ og BHM, höfðu ekki gert kjarasamninga á öllum mörkuðum í maí 2020. Í öðru lagi var um krónutöluhækkanir að ræða í öllum samningum þannig að eðli málsins samkvæmt ættu lægri laun að hækka hlutfallslega meira en þau hærri. Með því að horfa til launafólks sem var í gagnasafni Hagstofunnar bæði í mars 2019 og maí 2020 var hægt að meta dreifingu launahækkana fyrir þá hópa sem skýrslan nær til.

Myndir 4.13-16 sýna dreifingar grunnlaunahækkana innan heildarsamtaka. Á lóðrétta ásnum sést hlutfall félagsmanna sem fékk þá prósentuhækkun sem fram kemur á lárétta ásnum.


#### Mynd 4.13 Dreifing launahækkana innan aðildarfélaga ASÍ

Milli mars 2019 og maí 2020




#### Mynd 4.14 Dreifing launahækkana innan aðildarfélaga BSRB

Milli mars 2019 og maí 2020




### Mynd 4.15 Dreifing launahækkana innan aðildarfélaga BHM

Milli mars 2019 og maí 2020



### Mynd 4.16 Dreifing launahækkana innan aðildarfélaga KÍ

Milli mars 2019 og maí 2020



Hvað bæði ASÍ og BSRB varðar höfðu aðildarfélög þeirra lokið kjarasamningum fyrir meginþorra félagsmanna í maí 2020. Grunnlaun rúmlega 70% félagsmanna aðildarfélaga ASÍ á opinberum vinnumarkaði hækkuðu á bilinu 13-19% á tímabilinu. Hækkanirnar voru mestar hjá Reykjavíkurborg og minnstar á almennum vinnumarkaði. Meðal félagsmanna aðildarfélaga BSRB voru hækkunir nokkuð dreifðari og hækkuðu grunnlaun rúmlega helmingis félagsmanna á bilinu 14-15%.


Myndin fyrir félagsmenn BHM og KÍ er önnur. Í fyrsta lagi fékk mikill meirihluti félagsmanna aðildarfélaganna sem störfuðu hjá Reykjavíkurborg ekki neinar launahækkunir þar sem kjarasamningur var ólokið í maí. Þá höfðu aðildarfélög KÍ ekki heldur gert kjarasamninga við sveitarfélögin í maí. Það er þó greinilegt að hækkunir grunnlauna samkvæmt kjarasamningum sem BHM og KÍ höfðu gert í maí skiluðu almennt hlutfallslega minni hækkun en reyndin var meðal félagsmanna aðildarfélaga ASÍ og BSRB, enda launastig hærra og dreifing þess öðruvísi en meðal félagsmanna aðildarfélaga ASÍ og BSRB.

#### 4.4 Regluleg laun í maí 2020

Regluleg laun eru greidd laun fyrir umsaminn vinnutíma, hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Í reglulegum launum eru meðtaldar hvers konar álags- og bónusgreiðslur, án tilfallandi yfirvinnu, sem gerðar eru upp á hverju útborgunartímabili. Hér byggja regluleg laun á launum launafólks í fullu starfi. Samkvæmt greiningum Hagstofunnar voru regluleg laun í maí 2020 að meðaltali hæst hjá starfsfólki sem stendur utan stéttarféлага, um 1.290 þúsund krónur á mánuði á opinbera vinnumarkaðnum og um 1.170 þúsund krónur hjá sama hópi á almennum vinnumarkaði. Þar á eftir komu félagsmenn BHM og félagsmenn stéttarféлага utan heildarsamtaka á almennum vinnumarkaði.

Mynd 4.17 **Regluleg mánaðarlaun**

Maí 2020



Heimild: Hagstofa Íslands

Regluleg laun eru yfirleitt hæst á almennum vinnumarkaði, næsthæst hjá ríki og lægst hjá sveitarfélögum og Reykjavíkurborg. Regluleg laun eru mun jafnari á milli vinnumarkaða hjá félagsmönnum aðildarféлага BSRB og KÍ en hjá félagsmönnum aðildarféлага ASÍ og BHM. Hér skiptir samsetning hópa máli sem getur verið mismunandi milli vinnumarkaða. Innan stéttarféлага ASÍ á almennum vinnumarkaði eru t.d. sérfræðingar og millistjórnendur en sambærilegir hópar eru ekki í stéttarfélögum innan ASÍ hjá ríkinu eða sveitarfélögum. Að sama skapi er samsetning félagsmanna BHM á opinberum vinnumarkaði ólík þeim almenna en félagsmenn aðildar-

félaga BHM á opinberum vinnumarkaði er fjölbreyttur hópur sérfræðinga auk millistjórnenda. Þessi ólíka samsetning skýrir mismunandi mynstur. Hjá félagsmönnum stéttarféлага utan heildarsamtaka og starfsfólki sem stendur utan stéttarféлага er ekki greint á milli ríkis og sveitarféлага þar sem samsetning og fjöldi leyfir ekki sundurliðaða birtingu.

Regluleg laun eru þrefalt hærri hjá hæst launaða hópnum en þeim lægsta. Meðal félagsmanna aðildarféлага ASÍ eru regluleg laun á almennum vinnumarkaði 40% hærri en félagsmanna þeirra sem starfa hjá Reykjavíkurborg. Meðal félagsmanna aðildarféлага BHM eru laun á almennum vinnumarkaði um 50% hærri en félagsmanna þeirra sem starfa hjá Reykjavíkurborg, en þess ber að geta að kjarasamningar aðildarféлага BHM og Reykjavíkurborgar höfðu ekki verið endurnýjaðir í maí 2020.


#### 4.5 Dreifing reglulegra launa í maí 2020

Hér verður fjallað um dreifingu reglulegra launa innan einstakra hópa í maí 2020. Hafa ber í huga að umræddur mánuður kann að vera sérstakur hjá sumum hópum auk þess sem sumum kjarasamningum var ólokið í maí 2020. Myndir 4.19-21 sýna hlutföll launamanna sem hafa laun á ákveðnu launabili. Rétt er að benda á að kvarðar í myndum geta verið mismunandi.

Mynd 4.18


**Dreifing reglulegra launa félagsmanna aðildarféлага ASÍ**

Mái 2020



**Dreifing reglulegra launa félagsmanna aðildarféлага BSRB**

Mái 2020




Heimild: Hagstofa Íslands


Mynd 4.19

**Dreifing reglulegra launa félagsmanna  
aðildarfélaga BHM**

Maí 2020

**Dreifing reglulegra launa félagsmanna  
aðildarfélaga KÍ**

Maí 2020



Heimild: Hagstofa Íslands

Tæplega 80% félagsmanna aðildarfélaga ASÍ sem starfa hjá sveitarfélögum og Reykjavíkurborg mælast með regluleg laun á bilinu 350-400 þúsund krónur á mánuði. Myndin er töluvert önnur á almennum vinnumarkaði og hjá ríkinu þar sem dreifingin er mun meiri. Þó er um helmingur félagsmanna aðildarfélaga ASÍ sem starfa hjá ríkinu með regluleg laun á bilinu 400-500 þúsund krónur.

Dreifingin er öllu meiri meðal félagsmanna aðildarfélaga BSRB. Þar eru þó tæplega tveir þriðju starfsmanna sveitarfélaga utan Reykjavíkur með regluleg laun á bilinu 350-500 þúsund krónur.


Launadreifing meðal félagsmanna aðildarfélaga BHM er nokkuð óregluleg. Mest samþjöppun launa er hjá starfsmönnum Reykjavíkurborgar, en þar hafa um þrír fjórðu hlutar félagsmanna aðildarfélaga BHM regluleg laun á bilinu 500-650 þúsund krónur.

Meðal félagsmanna aðildarfélaga KÍ er launadreifing tiltölulega samþjöppuð. Það markar myndina að aðildarfélög KÍ áttu enn ósamið við Reykjavíkurborg og sveitarfélögin í maí 2020 sem tölurnar miðast við. Um þrír fjórðu félagsmanna hjá ríkinu eru með regluleg laun á bilinu 550-700 þúsund krónur. Hjá sveitarfélögum og Reykjavíkurborg eru u.þ.b. tveir þriðju félagsmanna KÍ með regluleg laun á bilinu 500-650 þúsund krónur.


Mynd 4.20

**Dreifing reglulegra launa félagsmanna stéttarféлага utan heildarsamtaka**

Maí 2020

**Dreifing reglulegra launa starfsfólks sem standa utan stéttarféлага**

Maí 2020



Heimild: Hagstofa Íslands

Dreifing launa félagsmanna stéttarféлага utan heildarsamtaka og hjá starfsfólki sem standur utan stéttarféлага er með allt öðrum hætti en annarra, enda hóparnir misleitir. Helmingur félagsmanna stéttarféлага utan heildarsamtaka á almennum vinnumarkaði er með regluleg laun á bilinu 550-950 þúsund krónur og rúmlega 35% yfir eina milljón króna. Dreifingin er sambærileg á opinberum vinnumarkaði þar sem rúmur helmingur er með regluleg laun á bilinu 550-950 þúsund krónur og um 39% með yfir eina milljón króna.

Launadreifing er mjög flöt hjá starfsfólki sem standur utan stéttarféлага upp mest allan launastigann. Á opinberum vinnumarkaði eru yfir 80% starfsfólks með meira en eina milljón krónur í regluleg laun og yfir 60% með meira en 1,2 milljónir króna en það launafólk á opinberum vinnumarkaði sem standur utan stéttarféлага í launagögnum Hagstofunnar eru embættismenn sem ekki hafa samningsrétt, svo sem dómarar, prestar, ráðherrar og yfirstjórn Reykjavíkurborgar auk stundakennara í háskólum. Á almennum vinnumarkaði er tæplega helmingur með meira en eina milljón króna í regluleg laun og rúmlega þriðjungur með meira en 1,2 milljónir króna.



## 4.6 Samsetning reglulegra heildarlauna í maí 2020


Samsetning reglulegra heildarlauna er mismunandi eftir hópum og vinnumörkuðum. Hér verður skoðuð samsetning reglulegra heildarlauna í maí 2020 en þau eru skilgreind sem regluleg laun að viðbættum greiðslum fyrir yfirvinnu. Regluleg laun eru samsett úr grunnlaunum að viðbættu vaktaálagi, bónus- og álagsgreiðslum.

Samanburður milli hópa í einum mánuði gefur ekki endilega rétta mynd. Maímánuður getur til dæmis verið álagsmánuður hjá sumum hópum en ekki öðrum sem getur haft áhrif á yfirvinnugreiðslur. Vegna áhrifa Covid-19 faraldursins á vinnumarkað má jafnframt ætla að maímánuður 2020 hafi verið óvenjulegur. Í skýrslu nefndarinnar vorið 2021 verður hægt að skoða allt árið 2020 sem gefur betri mynd en einn mánuður.


Regluleg heildarlaun meðal félagsmanna aðildarfélaga ASÍ eru að jafnaði hæst á almennum vinnumarkaði og lægst hjá öðrum sveitarfélögum en Reykjavíkurborg. Hjá félagsmönnum í aðildarfélögum ASÍ eru reglulegar greiðslur til viðbótar grunnlaunum hæstar á almennum vinnumarkaði, um 8% af reglulegum heildarlaunum en yfirvinnugreiðslur eru hlutfallslega hæstar hjá ríki og Reykjavíkurborg, um 13% reglulegra heildarlauna.

Mynd 4.21

**Samsetning launa félagsmanna aðildarfélaga ASÍ**  
Maí 2020




**Samsetning launa félagsmanna aðildarfélaga BSRB**  
Maí 2020



■ Grunnlaun ■ Reglulegar viðbótargreiðslur ■ Yfirvinnugreiðslur

Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 4.22



Meðal félagsmanna aðildarfélaga BSRB eru regluleg heildarlaun hæst á almennum vinnumarkaði og þar er hlutur reglulegra greiðslna til viðbótar grunnlaunum mikill, eða 21% reglulegra heildarlauna. Yfirvinnugreiðslur eru hlutfallslega mestar hjá ríki og Reykjavíkurborg, eða um 16% reglulegra heildarlauna.


Meðal félagsmanna aðildarfélaga BHM eru regluleg heildarlaun hæst á almennum vinnumarkaði og samanstanda nær einungis af grunnlaunum, sem gefur til kynna að fastlaunasamningar séu algengir. Þá eru öll greidd laun færð sem grunnlaun í launakerfi sem hefur í för með sér að ekki er hægt að sundurliða regluleg heildarlaun í launagögnum Hagstofunnar. Reglulegar greiðslur til viðbótar grunnlaunum (líklega einkum vaktaálög) eru hlutfallslega hæstar hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur en yfirvinnugreiðslur eru að jafnaði hæstar hjá Reykjavíkurborg, tæp 17% heildarlauna.

Meðal félagsmanna aðildarfélaga KÍ eru laun hæst hjá ríkinu og er nær enginn munur á grunnlaunum og reglulegum launum. Yfirvinnugreiðslur eru að jafnaði hæstar hjá ríkinu og eru um 22% reglulegra heildarlauna. Erfitt er að draga miklar ályktanir um samsetningu launa og launastigi kennara út frá einum mánuði þar sem greiðslur geta verið óreglulegar, t.a.m. eru nánast engar yfirvinnugreiðslur yfir sumarmánuðina.


Mynd 4.23

**Samsetning launa hjá félagsmönnum stéttarféлага utan heildarsamtaka**

Maí 2020

**Samsetning launa hjá starfsfólki utan stéttarféлага**

Maí 2020



■ Grunnlaun ■ Reglulegar viðbótargreiðslur ■ Yfirvinnugreiðslur

Heimild: Hagstofa Íslands


Hjá félagsmönnum stéttarféлага sem standa utan heildarsamtaka eru regluleg heildarlaun álíka há á almennum og opinberum vinnumarkaði. Grunnlaun eru mun hærra hlutfall reglulegra heildarlauna á almennum vinnumarkaði en á opinberum vinnumarkaði þar sem yfirvinnugreiðslur eru um fimmtungur reglulegra heildarlauna á opinberum vinnumarkaði.

Hjá starfsfólki sem stendur utan stéttarféлага eru regluleg heildarlaun hærra á opinberum vinnumarkaði og þar eru greiðslur til viðbótar grunnlaunum um 17% reglulegra heildarlauna. Nær enginn munur er á grunnlaunum og reglulegum heildarlaunum á almennum vinnumarkaði sem gefur til kynna að fastlaunasamningar séu algengir.

Á heildina litið benda launagreiningar Hagstofunnar til þess að mismunur grunnlauna og reglulegra launa sé hlutfallslega mestur hjá félagsmönnum aðildarféлага BSRB á almennum vinnumarkaði og hjá starfsmönnum sem standa utan stéttarféлага á opinberum vinnumarkaði. Hluttur yfirvinnu í reglulegum heildarlaunum er mestur hjá félagsmönnum aðildarféлага KÍ hjá ríki og hjá félagsmönnum stéttarféлага utan heildarsamtaka á opinberum vinnumarkaði. Ítrekað er að varasamt getur verið að gera samanburð á reglulegum heildarlaunum í einum mánuði þar sem vinnutími einstakra hópa getur verið lengri í þeim mánuði en öðrum.

### Mynd 4.24 Samsetning reglulegra heildarlauna

Mái 2020, þúsundir króna á mánuði



Heimild: Hagstofa Íslands

### 4.7 Breyting kaupmáttar frá mars 2019 til maí 2020

Vísitala neysluverðs hækkaði um 3,2% frá mars 2019 til maí 2020.


Breytingar reglulegra launa umfram þá tölu fela í sér kaupmáttaraukningu.

Af þeim 19 hópum sem hér er fjallað um fengu 16 kaupmáttaraukningu.

Mest kaupmáttaraukning nam 16% og sú næstmesta 12%. Á súluritinu sést breyting reglulegra launa frá mars 2019 til maí 2020 fyrir þá hópa sem gert höfðu kjarasamninga á þeim tíma og nutu þeir allir kaupmáttaraukningar á tímabilinu.

### Mynd 4.25 Breyting reglulegra launa

Hlutfallsleg breyting frá mars 2019 til maí 2020




Heimild: Hagstofa Íslands

Þar sem Covid-19 faraldurinn hafði mikil áhrif á vinnumarkaðinn undir lok tímabilsins segir kaupmáttaraukning reglulegra launa ekki alla söguna. Til að mynda liggur fyrir að heildarvinnustundum fækkaði um 7,2% milli ára á öðrum fjórðungi ársins samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar. Það felur í sér að kaupmáttur heildarlauna hækkaði væntanlega minna en kaupmáttur tímakaups á þessum tíma. Verulega dró úr atvinnuþátttöku og atvinnuleysi jókst mikið þannig að starfandi fólki fækkaði. Atvinnuþátttaka minnkaði um 3,3 prósentustig frá 2. ársfjórðungi 2019 til sama tíma 2020 (úr 82,9% í 79,6%) og starfandi fólki fækkaði um 5,1 prósentustig (úr 79,2% í 74,1%). Ein afleiðing þessarar þróunar er t.d. að heildarlaunagreiðslur í landinu drógust saman um u.þ.b. 5% frá 2. ársfjórðungi 2019 til sama tíma 2020, sem sýnir að minna var til skiptanna fyrir alla. Ráðstöfunartekjur heimila hafa þannig þróast með öðrum hætti en reglulegt tímakaup. Ef vinnutími styttest og færri eru í starfi fækkar unnum stundum og afraksturinn sem því nemur. Þannig fækkaði heildarfjölda vinnustunda á íslenskum vinnumarkaði um tæplega 10% milli 2. ársfjórðungs 2019 og 2020.


Mynd 4.26

**Atvinna og vinnutími**

Breytingar frá fyrra ári

**Þróun nokkurra lykilstærða – 2. ársfjórðungur hvers árs**

Vísitölur – 2005 = 100



Heimild: Hagstofa Íslands

Box 4.1

## Skilgreining helstu launa- og tekjuhugtaka

**Fullvinnandi** er sá sem fær greidd laun fyrir vinnustundir (þ.e. fyrir dagvinnu og vaktavinnu) sem eru a.m.k. 90% af mánaðarlegri dagvinnuskyldu. Einstaklingur sem ekki nær 90% lágmarkinu telst vera í hlutastarfi. Dagvinnuskylda getur verið mismunandi eftir kjarasamningum.

**Grunnlaun** eru greidd dagvinnulaun fyrir umsaminn vinnutíma án bónusa og áлага. **Grunntímakaup** eru dagvinnulaun á hverja greidda stund, án bónusa og áлага.

Í þeim tilfellum sem launafólk er með fastlaunasamninga eru öll greidd laun færð sem grunnlaun í launakerfi þar sem í slíkum samningum er ekki haldið utan um yfirvinnugreiðslur eða aðrar launagreiðslur sérstaklega. Fastlaunasamningar finnast í öllum starfsstéttum en eru algengastir hjá stjórnendum og sérfræðingum.

**Regluleg laun** eru greidd laun fyrir umsaminn vinnutíma, hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Þau eru umreiknuð í fullt starf ef greiddar stundir í dagvinnu eða vaktavinnu eru lægri en dagvinnuskylda. Meðtaldar í þessum launum eru hvers konar álags- og bónusgreiðslur án tilfallandi yfirvinnu sem gerðar eru upp á hverju útborgunartímabili.

Við útreikninga er ekki tekið tillit til uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna né annarra óreglulegra greiðslna. **Reglulegt tímakaup** eru regluleg laun (hvort sem er dagvinna eða vaktavinna) á hverja greidda stund.

Við samanburð á reglulegum launum milli hópa er gott að hafa í huga að í þeim störfum þar sem fastlaunasamningar eru algengir eða föst yfirvinna, þá er ekki sérstaklega haldið utan um yfirvinnugreiðslur í launakerfi og eru þær greiðslur því hluti af reglulegum launum.

**Regluleg heildarlaun** eru regluleg laun að viðbættum tilfallandi yfirvinnulaunum. Ekki er tekið tillit til uppgjörs vegna uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna eða annarra óreglulegra greiðslna.

**Ráðstöfunartekjur heimilanna** er þjóðhagsstærð sem verður til við gerð þjóðhagsreikninga og þjóðhagsspár. Þær eru skilgreindar sem samtala launatekna, eignatekna, tilfærslutekna (bætur), reiknaðs rekstrarafgangs vegna eigin eignarhalds (þar með talið íbúðarhúsnæðis), en að frádregnum eigna- og tilfærsluútgjöldum.

## Box 4.2

## Fyrirhugaðar umbætur á öflun launaupplýsinga með heildartalningu

Helsti grunnur opinberrar launatölfræði er launarannsókn Hagstofunnar en jafnframt er stuðst við upplýsingar um staðgreiðsluskyld laun. Launarannsóknin er úrtaksrannsókn sem býr yfir hefðbundnum takmörkunum úrtaksrannsókna auk þess að ná einungis til launagreiðenda sem hafa 10 eða fleiri starfsmenn. Rannsóknin nær til 85% atvinnugreina en unnið er að því að auka þekjuna. Launagögnin eru ítarleg og nákvæm, fyrst og fremst vegna árangursríks samstarfs milli launagreiðenda og Hagstofunnar sem miðar að samræmdu verklagi við flokkun og skilgreiningu launagagna. Skortur á fullri þekju launaupplýsinga hefur ítrekað verið skilgreindur sem takmarkandi þáttur opinberrar launatölfræði og heildarsöfnun launagagna verið tilgreind sem lausn þar á.

Ein af tillögum [nefndar um umbætur á úrvinnslu og nýtingu launatölfræðiupplýsinga](#), sem skilaði skýrslu í janúar 2019, var að koma á heildarsöfnun launaupplýsinga frá launagreiðendum. Á fundum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins í aðdraganda kjarasamninga 2019 var ákveðið að stofna starfshóp innan fjármála- og efnahagsráðuneytisins til að skoða kosti þess að taka upp heildarsöfnun launaupplýsinga

frá öllum launagreiðendum að norskri fyrirmynd. Verkefnið fól í sér skilgreiningu á nauðsynlegum gögnum og þróun tæknilausna til að hægt verði að safna gögnunum með sjálfvirkum hætti og mögulega leggja til lagabreytingu eða aðra hvata fyrir launagreiðendur til að veita umbeðnar upplýsingar. Starfshópurinn hefur kynnt hugmyndir sínar fyrir aðilum vinnumarkaðarins og öðrum haghöfum við góðar undirtektir. Til að slík söfnun launaupplýsinga sé raunhæfur möguleiki er það mat starfshópsins að skoða þurfi tæknilega hlið verkefnisins, tengingar á milli haghafa og að tryggja öryggi upplýsinga. Þótt meginmarkmiðið sé að ná heildaryfirsýn yfir laun og launaþróun í landinu telur starfshópurinn að þessu verði ekki náð nema að lögð verði áhersla á tæknihlíð verkefnisins. Því ber, að mati starfshópsins, að líta á verkefnið sem umbætur í tæknimálum frekar en að horfa einungis á þarfir launatölfræðinnar.

Markmið verkefnisins er að koma á fót miðlunarkerfi fyrir greiðslu launa og launatengdra gjalda ásamt skilagreinum um launaupplýsingar. Verulegt hagræði felst í því að gera launagreiðendum kleift að ganga frá greiðslum og upplýsingagjöf miðlægt á einum stað fremur en að skila til

nokkurra aðila, eins og nú er gert, og á það sérstaklega við um smærri fyrirtæki. Hagræðið sem fælist í þessari straumlínulögun á skilum á launagreiðslum og -upplýsingum yrði hvatning fyrir launagreiðendur til að skila inn ítarlegum skilagreinum um launaupplýsingar og þar með styrkja möguleika á heildarsöfnun launaupplýsinga.

Að koma á fót miðlunarkerfi fyrir launagreiðslur og launaupplýsingar er mjög flókið og viðamikil verkefni. Til að fá yfirsýn yfir umfang og flækjustig verkefnisins fékk starfshópurinn, að undangengnu útboði, Deloitte á Íslandi til að umfangsgreina verkefnið. Niðurstaða þeirrar greiningar var um 4.500 klukkustunda vinnu þurfi í hönnun og smíði kerfisins. Þar fyrir utan þarf að áætla tíma í vinnu við þætti sem tengjast útfærslu á

persónuverndarsjónarmiðum, breytingum á lagaumgjörð um launaupplýsingar ásamt fleiri atriðum. Má því búast við, að mati Deloitte, að heildarkostnaður verkefnisins sé um 400 milljónir króna. Næstu skref innan ráðuneytisins eru að huga að fjármögnun á verkefninu ásamt því að meta kosti þess að áfangaskipta því. Ákveða þarf hvort halda eigi verkefninu áfram í núverandi mynd eða skipta því upp í smærri áfanga til einföldunar, t.d. gæti fyrsta skref verið áhersla á bætt skil á launaupplýsingum í staðgreiðsluskrá.

Kjaratölfræðinefnd telur mikilvægt að starfshópur fjármála- og efnahagsráðuneytisins haldi áfram vinnu sinni við undirbúning að heildarsöfnun launaupplýsinga og að sett verði fram tímasett áætlun um framkvæmd og fjármögnun verkefnisins.



VIÐAUKI 1

**Kjarasamningar á tímabilinu apríl 2019 til september 2020 og fjöldi á kjörskrá við atkvæðagreiðslu. Tímaröð.**

| Samningsaðili atvinnurekenda | Heildarsamtök launafólks | Stéttarfélag                                 | Dagsetning undirritunar | Fjöldi á kjörskrá |
|------------------------------|--------------------------|--|-------------------------|-------------------|
| Samtök atvinnulífsins        | ASÍ-LÍV                  | AFL starfsgreinafélag                        | 3.4.2019                | 353               |
| Samtök atvinnulífsins        | ASÍ-SGS                  | AFL starfsgreinafélag                        | 3.4.2019                | 2.303             |
| Samtök atvinnulífsins        | ASÍ-SGS                  | Aldan stéttarfélag                           | 3.4.2019                | 520               |
| Samtök atvinnulífsins        | ASÍ-SGS                  | Báran stéttarfélag                           | 3.4.2019                | 1.546             |
| Samtök atvinnulífsins        | ASÍ-SGS                  | Drífandi stéttarfélag                        | 3.4.2019                | 672               |
| Samtök atvinnulífsins        | ASÍ-SGS                  | Efling - stéttarfélag                        | 3.4.2019                | 19.352            |
| Samtök atvinnulífsins        | ASÍ-SGS                  | Eining - Iðja                                | 3.4.2019                | 3.140             |
| Samtök atvinnulífsins        | ASÍ-LÍV                  | Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri | 3.4.2019                | 1.964             |
| Samtök atvinnulífsins        | ASÍ-LÍV                  | Framsýn stéttarfélag                         | 3.4.2019                | 189               |
| Samtök atvinnulífsins        | ASÍ-SGS                  | Framsýn stéttarfélag                         | 3.4.2019                | 839               |
| Samtök atvinnulífsins        | ASÍ-LÍV                  | Stéttarfélag Vesturlands                     | 3.4.2019                | 124               |
| Samtök atvinnulífsins        | ASÍ-SGS                  | Stéttarfélag Vesturlands                     | 3.4.2019                | 644               |
| Samtök atvinnulífsins        | ASÍ-LÍV                  | Stéttarfélagið Samstaða                      | 3.4.2019                | 71                |
| Samtök atvinnulífsins        | ASÍ-SGS                  | Stéttarfélagið Samstaða                      | 3.4.2019                | 288               |
| Samtök atvinnulífsins        | ASÍ-SGS                  | Verkalýðs- og sjómanna- félag Bolungarvíkur  | 3.4.2019                | 144               |
| Samtök atvinnulífsins        | ASÍ-SGS                  | Verkalýðs- og sjómanna- félag Keflavíkur     | 3.4.2019                | 3.621             |
| Samtök atvinnulífsins        | ASÍ-SGS                  | Verkalýðs- og sjómanna- félag Sandgerðis     | 3.4.2019                | 369               |
| Samtök atvinnulífsins        | ASÍ-SGS                  | Verkalýðsfélag Akraness                      | 3.4.2019                | 936               |
| Samtök atvinnulífsins        | ASÍ-SGS                  | Verkalýðsfélag Grindavíkur                   | 3.4.2019                | 800               |
| Samtök atvinnulífsins        | ASÍ-SGS                  | Verkalýðsfélag Snæfellinga                   | 3.4.2019                | 640               |
| Samtök atvinnulífsins        | ASÍ-LÍV                  | Verkalýðsfélag Snæfellinga                   | 3.4.2019                | 72                |
| Samtök atvinnulífsins        | ASÍ-SGS                  | Verkalýðsfélag Suðurlands                    | 3.4.2019                | 1.091             |
| Samtök atvinnulífsins        | ASÍ-SGS                  | Verkalýðsfélag Þórshafnar                    | 3.4.2019                | 101               |
| Samtök atvinnulífsins        | ASÍ-LÍV                  | Verkalýðsfélag Þórshafnar                    | 3.4.2019                | 15                |
| Samtök atvinnulífsins        | ASÍ-SGS                  | Verkalýðsfélag Vestfirðinga                  | 3.4.2019                | 946               |

VIÐAUKI 1 - Kjarasamningar í tímaröð

| Samningsaðili atvinnurekenda            | Heildarsamtök launafólks | Stéttarfélag                                 | Dagsetning undirritunar | Fjöldi á kjörskrá |
|---|--------------------------|--|-------------------------|-------------------|
| Samtök atvinnulífsins                   | ASÍ-LÍV                  | Verkalýðsfélag Vestfirðinga                  | 3.4.2019                | 331               |
| Samtök atvinnulífsins                   | ASÍ-SGS                  | Verkalýðsfélagið Hlíf, Hafnarfirði           | 3.4.2019                | 1.186             |
| Samtök atvinnulífsins                   | ASÍ-LÍV                  | Verslunarmannafélag Skagafjarðar             | 3.4.2019                | 186               |
| Samtök atvinnulífsins                   | ASÍ-LÍV                  | VR   | 3.4.2019                | 34.070            |
| Félag atvinnurekenda                    | ASÍ-LÍV                  | VR   | 3.4.2019                | 1.699             |
| Félag atvinnurekenda                    | ASÍ-LÍV                  | Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri | 4.4.2019                | 33                |
| Flugleiðahótel vegna Edduhótela         | ASÍ-SGS                  | Starfsgreinasamband Íslands                  | 26.4.2019               |                   |
| Bændasamtök Íslands                     | ASÍ-SGS                  | Starfsgreinasamband Íslands                  | 30.4.2019               |                   |
| Samtök atvinnulífsins                   | ASÍ                      | Félag hársnyrtisveina                        | 3.5.2019                | 218               |
| Samtök atvinnulífsins                   | ASÍ                      | Grafía                                       | 3.5.2019                | 525               |
| Samtök atvinnulífsins                   | ASÍ                      | MATVÍS                                       | 3.5.2019                | 1.682             |
| Samtök atvinnulífsins                   | ASÍ-RSÍ                  | Rafiðnaðarsamband Íslands (RSÍ)              | 3.5.2019                | 3.571             |
| Samtök atvinnulífsins                   | ASÍ-SAMIÐN               | SAMIÐN, Samband iðnfélaga (12 félög)         | 3.5.2019                | 7.020             |
| Samtök atvinnulífsins                   | ASÍ                      | VM Félag vélstjóra og málm-tæknimanna        | 3.5.2019                | 1.970             |
| Félag pípulagningarmeistara             | ASÍ                      | Félag iðn- og tæknigreina                    | 7.5.2019                | 281               |
| Bílgreinasambandið                      | ASÍ                      | Félag iðn- og tæknigreina                    | 7.5.2019                | 642               |
| Bílgreinasambandið                      | ASÍ                      | Félag málmiðnaðarmanna á Akureyri            | 7.5.2019                | 135               |
| Bílgreinasambandið                      | ASÍ                      | Iðnsveinarélag Skagafjarðar                  | 7.5.2019                | 18                |
| Félag garðyrkjubænda                    | ASÍ-SAMIÐN               | Félag iðn- og tæknigreina                    | 15.5.2019               | 49                |
| Samband íslenskra auglýsingastofa og FA | ASÍ                      | Grafía                                       | 21.5.2019               | 93                |
| Samtök atvinnulífsins                   | Utan                     | Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja        | 29.5.2019               | 3.868             |
| Samtök atvinnulífsins                   | Utan                     | Verkfræðingafélag Íslands                    | 29.5.2019               | 607               |
| Landssamband smábátæigenda              | ASÍ-SGS                  | Starfsgreinasamband Íslands                  | 31.5.2019               |                   |
| SA vegna PCC Bakka Silicon              | ASÍ                      | Framsýn stéttarfélag og þingið               | 5.6.2019                | 102               |
| Samtök atvinnulífsins                   | ASÍ                      | Mjólkurfræðingafélag Íslands                 | 12.6.2019               | 44                |
| SA vegna Íslandspósts                   | BSRB                     | Póstmannafélag Íslands                       | 12.6.2019               | 848               |

VIÐAUKI 1 - Kjarasamningar í tímaröð

| Samningsaðili atvinnurekenda            | Heildarsamtök launafólks | Stéttarfélag   | Dagsetning undirritunar | Fjöldi á kjörskrá |
|---|--------------------------|--|-------------------------|-------------------|
| SA vegna Þörungaverksmiðjunnar hf.      | ASÍ                      | Verkalýðsfélag Vestfirðinga  | 12.6.2019               | 12                |
| SA vegna Air Iceland Connect            | ASÍ                      | VR og LÍV  | 12.6.2019               | 89                |
| Félag atvinnurekenda                    | ASÍ                      | Rafiðnaðarsamband Íslands  | 14.6.2019               | 137               |
| NPA miðstöðin                           | ASÍ                      | Starfsgreinasamband Íslands  | 14.6.2019               |                   |
| Samtök atvinnulífsins                   | Utan                     | Samband stjórnendafélaga   | 18.6.2019               | 2.860             |
| SA vegna Símans hf.                     | ASÍ                      | Rafiðnaðarsamband Íslands  | 21.6.2019               | 121               |
| SA vegna Símans hf.                     | ASÍ                      | Rafiðnaðarsamband Íslands v. FÍS   | 21.6.2019               | 234               |
| SA vegna Leikfélags Reykjavíkur         | ASÍ                      | Rafiðnaðarsamband Íslands vegna tæknimanna   | 25.6.2019               | 71                |
| Samtök atvinnulífsins                   | ASÍ                      | Leiðsögn - Stéttarfélag leiðsögumanna  | 27.6.2019               | 433               |
| SA vegna Norðurorku                     | ASÍ                      | Rafiðnaðarsamband Íslands  | 11.7.2019               | 10                |
| SA vegna Norðurorku                     | ASÍ                      | VM Félag vélstjóra og málm-tæknimanna  | 11.7.2019               | 7                 |
| Hrollaugur, félag smábátæigenda Hornaf. | ASÍ                      | Afl starfsgreinafélag  | 18.7.2019               |                   |
| SA vegna Steinullar hf.                 | ASÍ                      | Aldan stéttarfélag, lðnsveinafélag Skagafjarðar, RSÍ og Verslunarmannafélag Skagafjarðar | 1.8.2019                | 28                |
| SA vegna Já hf.                         | ASÍ                      | Rafiðnaðarsamband Íslands v. FÍS   | 21.8.2019               | 19                |
| Samtök atvinnulífsins                   | Utan                     | Bifreiðastjórafélagið Sleipnir   | 5.9.2019                | 29                |
| SA vegna Icelandair                     | Utan                     | Félag íslenskra atvinnuflugmanna   | 25.9.2019               | 534               |
| SA vegna Norðurorku                     | ASÍ                      | Eining - lðja  | 30.9.2019               | 13                |
| SA vegna Norðurorku                     | BSRB                     | Kjölur stéttarfélag  | 30.9.2019               | 17                |
| SA vegna fiskmjölsverksmiðju            | ASÍ                      | AFL starfsgreinafélag  | 1.10.2019               | 62                |
| Ríkið                                   | BHM                      | Félag íslenskra félagsvísindamanna   | 20.10.2019              | 98                |
| Ríkið                                   | BHM                      | Fræðagarður  | 20.10.2019              | 751               |
| Ríkið                                   | BHM                      | Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga  | 20.10.2019              | 108               |
| Ríkið                                   | BHM                      | Stéttarfélag lögfræðinga   | 20.10.2019              | 523               |

VIÐAUKI 1 - Kjarasamningar í tímaröð

| Samningsaðili<br>atvinnurekenda        | Heildarsamtök<br>launafólks | Stéttarfélag   | Dagsetning<br>undirritunar | Fjöldi á<br>kjörskrá |
|--|-----------------------------|--|----------------------------|----------------------|
| SA vegna HS Orku                       | ASÍ                         | VM Félag vélstjóra og<br>málmtæknimanna  | 24.10.2019                 | 13                   |
| Birtingur útgáfufélag ehf.             | Utan                        | Blaðamannafélag Íslands  | 28.10.2019                 | 14                   |
| SA vegna HS Orku                       | ASÍ/BSRB                    | FIT, RSÍ og<br>Starfsmannafélag<br>Suðurnesja  | 28.10.2019                 |                      |
| SA vegna<br>fiskimjölsværksmiðju Brims | ASÍ                         | Verkalýðsfélag Akraness  | 29.10.2019                 | 5                    |
| SA vegna kaupskipa                     | Utan                        | Félag skipstjórnarmanna  | 1.11.2019                  | 46                   |
| SA vegna Landsvirkjunar                | ASÍ                         | SAMIÐN, RSÍ og VM  | 1.11.2019                  | 102                  |
| SA vegna kaupskipa                     | ASÍ                         | VM Félag vélstjóra og<br>málmtæknimanna  | 1.11.2019                  | 45                   |
| Sveitarfélög                           | ASÍ                         | MATVÍS   | 13.11.2019                 | 26                   |
| Sveitarfélög                           | ASÍ                         | SAMIÐN   | 13.11.2019                 | 37                   |
| Sveitarfélög                           | ASÍ                         | VM Félag vélstjóra og<br>málmtæknimanna  | 13.11.2019                 | 42                   |
| SA vegna HS Veitna                     | ASÍ                         | RSÍ og FIT   | 25.11.2019                 | 18                   |
| SA vegna HS Veitna                     | BSRB                        | Starfsmannafélag<br>Suðurnesja,<br>Starfsmannafélag<br>Hafnarfjarðar og<br>Starfsmannafélag<br>Vestmannaeyja | 25.11.2019                 | 33                   |
| SA vegna RARIK                         | ASÍ                         | Rafiðnaðarsamband<br>Íslands   | 26.11.2019                 | 106                  |
| SA vegna Landsnets                     | ASÍ                         | Rafiðnaðarsamband<br>Íslands   | 2.12.2019                  | 35                   |
| SA vegna OR/ON/Veitna                  | ASÍ                         | Rafiðnaðarsamband<br>Íslands   | 3.12.2019                  | 89                   |
| SA vegna OR/ON/Veitna                  | ASÍ                         | SAMIÐN   | 3.12.2019                  | 14                   |
| SA vegna OR/ON/Veitna                  | ASÍ                         | VM - málmiðnaðarmenn   | 3.12.2019                  | 25                   |
| SA vegna OR/ON/Veitna                  | ASÍ                         | VM - vélfræðingar  | 3.12.2019                  | 40                   |
| SA vegna Björgunar ehf.                | ASÍ                         | VM Félag vélstjóra og<br>málmtæknimanna  | 9.12.2019                  | 5                    |
| Ríkið                                  | BHM                         | Félag prófessora við<br>ríkisháskóla   | 12.12.2019                 | 363                  |
| SA vegna Air Iceland<br>Connect        | Utan                        | Félag flugumsjónarmanna  | 16.12.2019                 | 4                    |
| SA vegna Icelandair                    | Utan                        | Félag flugumsjónarmanna  | 16.12.2019                 | 14                   |
| Strætó                                 | ASÍ                         | SAMIÐN   | 16.12.2019                 | 14                   |
| Ríkið                                  | BHM                         | Félag háskólakennara á<br>Akureyri   | 30.12.2019                 | 152                  |
| SA vegna Icelandair                    | Utan                        | Flugvirkjafélag Íslands  | 31.12.2019                 | 302                  |
| Ríkið                                  | BHM                         | Félag háskólakennara   | 3.1.2020                   | 1.223                |

VIÐAUKI 1 - Kjarasamningar í tímaröð

| Samningsaðili<br>atvinnurekenda | Heildarsamtök<br>launafólks | Stéttarfélag                                    | Dagsetning<br>undirritunar | Fjöldi á<br>kjörskrá |
|---------------------------------|-----------------------------|---|----------------------------|----------------------|
| Sveitarfélög                    | ASÍ                         | Verkalýðsfélag Akraness                         | 10.1.2020                  | 402                  |
| SA vegna RARIK                  | BHM                         | Verkfræðingafélag Íslands<br>og BHM félag       | 10.1.2020                  | 44                   |
| Sveitarfélög                    | ASÍ                         | AFL starfsgreinafélag                           | 16.1.2020                  | 673                  |
| Sveitarfélög                    | ASÍ                         | Aldan stéttarfélag                              | 16.1.2020                  | 122                  |
